GÍGJA GUNNARSDÓTTIR
*Hjólar og gengur sér til ánægju og hressingar*
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BÍLAR
*Eldsneyti, sparakstur og nýjungar í bifreiðar*
Sérblað um bíla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FIMM (5) KÍLÓ AF REX
FARÐU INN Á FREYJA.IS OG LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júlí 2009 — 177. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Pokaböllin aftur vinsæl

Hjónaklúbbur Selfoss er 45 ára á árinu.

TÍMAMÓT 14

### Bloggar um kynlíf



Sigríður Dögg Arnardóttir lærir kynfræði í Ástralíu og bloggar um reynslu sína.

FÓLK 18

### Þrotabú frjálshyggju

„Á Íslandi tíðkuðust einungis lofgjarðir um þá sem voru umsvifamiklir í viðskiptalífinu“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 12



### Fylkir og KR unnu

Fylkismenn og KR-ingar unnu góða sigra í Pepsi-deildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 17

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA** Í dag verða norðaustan 3-10 m/s , stífastir norðvestan til og austan Vatnajökuls. Rigning eða skúrir en úrkomlítið suðvestan til. Hiti 8-15 stig, hlýjast suðvestanlands.

VEÐUR 4

# Loftrýmisgæslu verði hætt

**Formaður utanríkismálanefndar segir það stefnu ríkisstjórnar að leggja Varnarmálastofnun niður og vill að það verði gert um áramót. Hann gagnrýnir mannaráðningar og vill hætta lofrýmisgæslu.**

**UTANRÍKISMÁL** Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, segir að leggja eigi niður Varnarmálastofnun um áramótin. Í fjárlögum næsta árs eigi að vera skýrt hvaða verkefni hennar verði lögð niður og hvert hin verði færð. Árni Þór vill leggja loftrýmisgæslu niður.

„Mín skoðun er sú að það eigi að klára þetta ár. Ef við teljum að einhverjum verkefnum þurfi að sinna áfram komum við þeim fyrir annars staðar. Í fjárlagafrumvarpinu á stefnan að koma fram og það er stefna ríkisstjórnarinnar að leggja Varnarmálastofnun niður.“

Stofnunin auglýsti nýverið tvær stöður lausar til umsóknar, meðal annars umsjón með mannvirkjum. Georg E. Friðriksson, sviðsstjóri mannvirkjasviðs, segir fastráðna starfsmenn 54, en að auki séu nokkrir í tímabundnum verkefnum. Heildarstarfsmannafjöldi í sumar er 68.

„Það kemur mér mjög á óvart ef stofnunin er að færa út kvíarnar, því það er yfirlýst stefna stjórnarinnar að starfsemi Varnarmálastofnunar verði hætt. Það er í gangi skoðun hvort verkefni sem þar eru megi sameina annarri starfsemi og öðrum verkefnum,“ segir Árni.

„Það kann vel að vera að einhverjum verkefnum megi koma fyrir annars staðar, en svo eru þarna áreiðanlega líka verkefni sem má bara leggja niður og óþarfi er að við sinnum.

Hugmyndin í umræðum um að leggja starfsemina niður var sú, að það væri óþarfi fyrir okkur að vera í þessu hernaðarbrölti almennt, hvað þá í því efnahagsástandi sem nú ríkir.“

Loftrýmisgæsla hefst á ný 6. ágúst en hana annast um 140 bandarískir hermenn, en áður hafa meðal annars Norðmenn og Frakkar sinnt henni. Árni Þór segir að klára verði gerða samninga. Hann telji þetta þó óþarft.

„Það mat mitt er stutt niðurstöðu nefndar sem vann áhættumat fyrir Ísland. Vel má vera að loftrýmisgæslan þjóni hagsmunum Nató, en hún er ekki nauðsynleg fyrir öryggi Íslands.“ **- kóp**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FYRIR RÉTTI** Sumir sakborninganna í umfangsmesta fíkniefnasmyglmáli Íslandssögunnar kusu að hylja andlitin fyrir ljósmyndurum í héraðsdómi í gær þótt þeir hafi viljað vera smekklega til fara. Enginn vildi kannast við áætlanir um fíkniefnainnflutning.

Sakborningar í fíkniefnamáli segjast hafa verið í skemmtisiglingu:

## Kannast ekki við fíkniefnainnflutning

**DÓMSMÁL** Þeir sex sem ákærðir eru fyrir flutning á yfir hundrað kílóum af fíkniefnum frá Belgíu í skútunni Sirtaki og móttöku efnanna á gúmmíbáti nokkra tugi sjómílna frá Íslandi vilja ekki kannast við að hafa ætlað að flytja fíkniefni til landsins. Þetta kom fram við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Við meðferðina kom einnig fram að hópur hollenskra tollvarða fór um borð í skútuna við strendur Hollands áður en hún lagði í haf. Tollverðirnir fundu hins vegar engin fíkniefni um borð.

Sakborningar þrír sem handteknir voru á skútunni og verjendur þeirra héldu því fram að engin fíkniefni hefðu verið um borð í skútunni. Þeir hefðu einungis verið í skemmtisiglingu. Ýmislegt í gögnum lögreglu bendir til hins gagnstæða. **- sh, kg /** sjá síðu 4

Sjúklingar með Parkinson:

## Aðgerðir fluttar heim til Íslands

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýr samningur Landspítala og Sjúkratryggingastofnunar Íslands bætir til muna þjónustu við Parkinsonsjúklinga sem verst eru farnir af skjálfta.



BJÖRN ZOËGA

„Við flytjum þjónustuna hingað heim til Íslands. Við fengum íslenskan lækni, Hjálmar Bjartmarz, frá Svíþjóð, til að koma og framkvæma aðgerðirnar hérna,“ segir Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratryggingastofnunar, segir samninginn í alla staði af hinu góða, þetta sé til þægindа fyrir sjúklinga og auk þess ódýrari lausn en að senda sjúklinga utan.

Þrír sjúklingar hafa gengist undir aðgerðina nú en stefnt er að því að fimm sjúklingar fari í hana á ári hverju.

**- mmf /** sjá Allt








Pappírslaus viðskipti hjá Byr

Viðskiptavinir geta sparað sér þúsundir króna á ári!

Frá og með mánaðarmótum júlí/ágúst hættir Byr sparisjóður að senda út með pósti **yfirlit reikninga og kreditkorta ásamt greiðsluseðlum lána og kreditkorta.** Viðskiptavinir eiga kost á að **spara sér þúsundir króna á ári** með því að nálgast yfirlitin í heimabankanum. Nánari upplýsingar á **www.byr.is**

BYR SPARISJÓÐUR

Þökkum frábærar viðtökur á Smáratorgi



A4 Skrifstofa og skóli

Afgreiðslutími
Mán-fim 09:00-18:30 + Fös 09:00-19:00
Lau 10:00-18:00 + Sun 12:00-18:00

## SPURNING DAGSINS



*Hanna, er ballið bara búið?*

„Nei, nei. Við verðum að halda áfram og skapa nýja stemningu á nýjum stað.“

Hanna Helgadóttir, formaður Kvenfélagsins Fjólu í Vogum á Vatnsleysuströnd, grætur niðurrif samkomuhússins Glaðheima, þar sem böll bæjarins voru haldin í mörg ár.

Gekkst við því að hafa ekið ölvaður á mann og valdið honum miklum skaða:

# Hummer-ökumaðurinn játaði

**DÓMSMÁL** Jón Kristinn Ásgeirsson játaði fyrir dómi í gær að hafa ekið Hummer-bíl ölvaður á laganema í janúar með þeim afleiðingum að fórnarlambið skaðaðist fyrir lífstíð. Jón Kristinn er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás af gáleysi.

Jón Kristinn ók Hummer-jeppa föður síns, Ásgeirs Þórs Davíðssonar, merktum veitingastaðnum Steak & Play, niður Laugaveginn þegar slysið varð við gatnamót Vegamótastígs. Vitni sögðu hann hafa ekið of greitt.

Fórnarlambið liggur nú á Grensásdeild Landspítalans og er óvíst hvort maðurinn kemur nokkurn tímann til með að ná sér að fullu.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær var málið sameinað öðru máli þar sem Jón Kristinn er einnig ákærður, ásamt tveimur öðrum. Þremenningarnir eru ákærðir fyrir að hafa lagt eld að húsi við Kleppsveg í júní og stofnað lífi manns á miðjum aldri sem þar var innandyra í bráða lífshættu.

Maðurinn sem í húsinu var komst út af eigin rammleik en húsið eyðilagðist. Í bíl mannanna fyrir utan fannst listi yfir fíkniefnaskuldir.

Þremenningarnir eiga von á minnst tveggja ára fangelsi fyrir það brot, verði fallist á kröfu saksóknara. **- sh**



**HUMMER-BÍLL** Upptaka er til af því þegar Jón Kristinn ekur bíl eins og þessum yfir manninn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Taldir hafa svikið út stórfé:

## Svikahrappar eru í einangrun

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn, fæddir 1989 og 1990, sem grunaðir eru um stórfellt skjalafals, blekkingar og fjársvik, eru látnir sæta einangrun í gæsluvarðhaldi vegna alvarleika málsins. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir mönnunum.

Mennirnir eru taldir hafa svikið minnst fimmtíu milljónir út úr tveimur hlutafélögum og Íbúðalánasjóði, með því meðal annars að taka yfir stjórn fyrirtækjanna.

Líkt og fram hefur komið í Fréttablaðinu, segir í úrskurðinum að grunur leiki á um að fleiri séu viðriðnir málið. Fleiri höfðu þó ekki verið handteknir í gær. **- sh**

Ellefu ný tilfelli um helgina:

## 34 greindir með svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL Svínaflensa hefur nú greinst hjá 34 einstaklingum á Íslandi. Ellefu ný tilfelli voru staðfest í gær. Enginn þeirra sem greindir voru um helgina eru með alvarleg einkenni og allir eru á batavegi.**

**Fimm þeirra höfðu ekki verið í útlöndum og óljóst var um tengsl þeirra við smitaða einstaklinga.**

**Fólki með einkenni inflúensu er ráðlagt að halda sig heima í sjö daga frá fyrstu einkennum. - þeb**

# Sjö nýjar minjagripaverslanir í miðbænum

**Sjö nýjar minjagripaverslanir hafa opnað í miðborginni. Framkvæmdastjóri Global Refund segir ferðamenn eyða miklu meiru, þótt þeir séu ekki fleiri en áður. Verslunarstjóri Rammagerðarinnar finnur ekki fyrir aukinni samkeppni.**

**VERSLUN** Sjö nýjar minjagripaverslanir hafa opnað í miðborginni frá því í maí og eru þær nú sextán. Ef bókabúðirnar eru taldar með, sem breytast að einhverju leyti í minjagripaverslanir á sumrin, eru þær nítján. Þetta segir Helgi Hrannarr Jónsson, framkvæmdastjóri Global Refund, sem annast umsýslu Tax Free á Íslandi.

„Sumt af þessu er eðlileg aukning því það eru alltaf einhverjir sem opna fyrir hvert ferðamannatímabil,“ segir Helgi. Sérstaklega hafa margar opnað á Skólavörðustígnum og eru nú fjórar neðst á Skólavörðustígnum.

„Það sem er jákvætt við þetta er að það eru nýir aðilar að koma inn á markaðinn,“ segir Helgi en segir erfitt að skilgreina minjagripaverslanirnar þar sem margar séu blandaðar verslanir.

En hvað veldur? „Þetta má rekja til tveggja þátta. Það er annars vegar lágt gengi krónunnar og ferðamenn eru því að eyða miklu meiru. Síðan virðist fólk vera að leita að nýjum tækifærum í atvinnurekstri,“ segir Helgi.

Global Refund hefur tekið rækilega eftir aukningunni, að sögn Helga, og er meðaltalsávísun frá ferðamönnum, sem leita eftir Tax Free, nú töluvert hærri en hefur verið. Ferðamenn eyði meiru þótt þeir séu ekki fleiri en undanfarin ár.

Bjarni Jónsson, annar eigenda Nordic Store ehf., minjagripabúðar sem opnuð var í maí á Skólavörðustíg, segir reksturinn hafa gengið vel. Hann segir Nordic Store öðruvísi minjagripabúð en hinar.



**RAMMAGERÐIN** Verslunarstjóri Rammagerðarinnar segir ólíklegt að nýju verslanirnar haldi út veturinn. Segist hann ekki finna fyrir samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NORDIC STORE** Búðin er öðruvísi minjagripabúð, að sögn eiganda. Hann segir búðina einbeita sér að íslenskri hönnun, skartgripum og snyrtivörum.

„Við erum öðruvísi búð þannig að við erum ekki í samkeppni nema á afmörkuðum sviðum. Við seljum ekki þessa litlu minjagripi eins og margar búðir heldur erum við með fjölbreytt úrval af íslenskri hönnun, skartgripum, snyrtivörum, tónlist, lopavörum, sælgæti og bókum. Allt íslenskar vörur,“ segir Bjarni.

Hilmar Már Aðalsteinsson, verslunarstjóri Rammagerðarinnar, sem stofnuð var árið 1946, segir fyrirtækið ekki finna fyrir aukinni samkeppni, þrátt fyrir gríðarlega fjölgun minjagripaverslana.

„Við höldum okkar ótrúlega vel og höfum opnað þrjár nýjar búðir, á Skólavörðustíg, á Akureyri og Egilsstöðum. Þetta er auðveldara fyrir okkur þar sem við höfum ákveðið samkeppnisforskot vegna aðfanga,“ segir Hilmar. Hann segir að í seinni hluta ágúst hrynji sala niður og hann efast um að nýju verslanirnar haldi út veturinn.

**vidir@frettabladid.is**

Aung San Suu Kyi í Búrma:

## Viðurkenning frá Amnesty

**BÚRMA, AP Nóbelsverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi, sem hefur árum saman verið í stofufangelsi í Búrma, fékk í gær æðstu viðurkenningu mannréttindasamtakanna Amnesty International.**

**Suu Kyi var í gær gerð að samviskufulltrúa samtakanna, sama daginn og málflutningi í réttarhöldum yfir henni átti að ljúka.**



**AUNG SAN SUU KYI**

**Amnesty vonast til að viðurkenningin verði til þess að herforingjastjórnin hiki við að beita hana frekari hörku.**

**Talið er að herforingjastjórnin ætli að halda henni í stofufangelsi þangað til boðuðum kosningum á næsta ári verður lokið. - gb**



**STUND MILLI STRÍÐA** Hornunt-hjónin kunna vel við sig á Íslandi.

Ferðast bara til Íslands:

## Bíllinn minnir á appelsín

**FÓLK** Þýsku hjónin Alex og Siglinde Hornunt hafa eingöngu ferðast til Íslands frá árinu 1993 og aka nú um landið á Land Rover-jeppa sem á sér fáa líka.

Þau koma til landsins að minnsta kosti einu sinni á ári og hafa fundið sinn stað í tilverunni.

Í fyrra festu þau kaup á gömlum Land Rover 101 sem áður var í eigu breska hersins og hafa innréttað hann sem heimili. Hann er appelsínugulur að innan sem utan og hefur fengið nafnið Egill í höfuðið á Agli Skallagrímssyni en hjónunum þótti liturinn minna á hið íslenska Egils appelsín.

**- ve / sjá bílar**

Gjaldþrot íslensku bankanna:

## Sveitarstjórnir á Bretlandi endurheimta fé

**EFNAHAGSMÁL** Breska sveitarstjórnin í norðaustur Lincoln-skíri gerir ráð fyrir að endurheimta um helming af 4,5 milljóna punda innstæðu þess í Kaupthing Singer og Friedlander (KSF). Heildarinnstæðan jafngildir um 950 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að greiða út fyrsta hluta innstæðunnar í lok þessa mánaðar og nemur greiðslan 903 þúsund pundum.

Þar að auki átti sveitarstjórnin 2,5 milljónir punda í Landsbankanum í Bretlandi. Gert er ráð fyrir að 83 prósent af þeirri fjárhæð endurheimtist, eða um tvær milljónir punda. **- bþa**


Fiton / SÍA



Borgarferð

**Ferð eldri borgara til Berlínar**

**11.–14. sept. 2009**

Fararstjóri Lilja Hilmarsdóttir

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á **info@expressferdir.is** eða hringið í síma **5 500 692**.

Verð á mann í tvíbýli:

**79.900 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* Park Inn Hotel ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**.

**Express ferðir**

*Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express*


Stjórnendur Glitnis sagðir hafa bjargað eigin fé fyrir ríkisvæðingu bankans:

# Forðuðu hundruðum milljóna

**BANKAHRUN** Í skýrslu endurskoðunarfyrirtækisins Ernst og Young um Glitni kemur fram að forstjóri Glitnis, Lárus Welding, og fyrrverandi forstjóri, Bjarni Ármannson, hafi flutt hundruð milljóna úr landi rétt fyrir yfirtöku ríkisins á bankanum. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi, en fréttastofan hefur hluta skýrslunnar undir höndum.

Þannig tæmdi Lárus Welding 318 milljónir af reikningi sínum í september. Ekki finnst færsla úr landi á nafni Lárusar, en nokkrum dögum síðar færði eiginkona hans 325 milljónir króna til Bretlands.

Bjarni Ármannsson færði 262 milljónir króna úr landi í nokkrum færslum í september. Þannig fóru 85 milljónir tæpri viku fyrir yfirtöku ríkisins á bankanum.

Þá er, samkvæmt RÚV, nefnt í skýrslunni að Einar Sveinsson, sem sat áður í stjórn Glitnis, hafi flutt tæpar 170 milljónir króna til Noregs 25. september; tveimur virkum dögum áður en ríkið yfirtók bankann.

Stöð 2 fullyrti í gær að nokkrir auðmenn hefðu flutt um 12,5 milljarða úr landi af reikningum í Straumi. Stöð 2 hélt því fram að þeirra á meðal væru Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson, Magnús Þorsteinsson, og Karl Wernersson. Björgólfur Thor og Karl neituðu því alfarið í gærkvöld. **- kóp**



**GLITNISMENN** Lárus Welding, Bjarni Ármannsson og Einar Sveinsson.

# Tölvan sem klárar skólann með þér

Look for Intel Inside®

**INSPIRON™ 15**
Intel® Centrino® 2 Processor Technology
með Intel® Core™2 Duo processor
P8600 2.40GHz, 1066MHz FSB, 3MB L2 Cache

Fæst í ýmsum litum.

VERÐ frá
**119.900 kr.**



YOURS IS HERE

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Atom, Intel Atom Inside, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.



## Explorer lítil mús

Lítil mús með Microsoft BlueTrack tækni sem hægt er að nota á nánast hvaða undirlagi sem er.

VERÐ
**7.390 kr.**



## USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, bleikur) sem fæst í 4 GB, 8 GB 16 GB útfærslu.

VERÐ frá
**2.490 kr.**



## Bluetooth stereo heyrnartól

Bluetooth stereo heyrnartól frá Dell. Smella nett utan um eyru og fyrir aftan höfuð. Engar snúrur, ekkert vesen.

VERÐ
**8.990 kr.**



## Office Home and Student 2007

Innihald: Word 2007, Excel 2007, PowerPoint 2007, OneNote 2007. Skólaleyfi fyrir 3 vélar.

VERÐ
**18.990 kr.**



## Nylon fartölvu-bakpoki

Hentar fartölvum með allt að 16" skjái. Skjala- og auka-hlutahólf með rennilás. Stillanleg axlar- og mittisól.

VERÐ
**8.990 kr.**



## Trend Internet Security 2009 vírusvörn

Alhliða vörn fyrir tölvur.
Eldveggur.
Spam vörn.

VERÐ
**5.990 kr.**

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS 1939 70 2009

## GENGIÐ 27.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,23 | 125,83 |
| Sterlingspund | 206,24 | 207,24 |
| Evra | 178,84 | 179,84 |
| Dönsk króna | 24,02 | 24,16 |
| Norsk króna | 20,254 | 20,374 |
| Sænsk króna | 16,966 | 17,066 |
| Japanskt jen | 1,315 | 1,3226 |
| SDR | 195,22 | 196,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,2449

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ísraelskir ráðamenn á fundum með fulltrúum Bandaríkjamanna:

# Reynt að þrýsta á Ísraelsstjórn

**JERÚSALEM, AP** George Mitchell, sendifulltrúi Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum, og Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, leggja nú hart að Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Ehud Barak varnarmálaráðherra um að hefja á ný samningaviðræður við Palestínumenn.

Þeir Mitchell og Gates munu funda stíft með ísraelskum og palestínskum ráðamönnum í vikunni. Einnig hitta þeir ráðamenn í nágrannaríkjunum að máli.

Bandaríkjamenn hafa lagt áherslu á að Ísraelar stöðvi framkvæmdir á landtökusvæðum Ísraela á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem. Ísraelsstjórn segir framkvæmdirnar hins vegar lið í „náttúrulegum vexti“ landtökusvæðanna.



**NETANJAHÚ OG GATES** Forsætisráðherra Ísraels ásamt varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í Jerúsalem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæði Palestínumenn og Arababandalagið hafa sagt að skilyrði þess að viðræður hefjist á ný sé að framkvæmdir á landtökusvæðunum verði stöðvaðar. Bandaríkjamenn hafa tekið undir þá kröfu.

Á fundi með Shimon Peres, forseta Ísraels, sagði Mitchell að Ísraelar gætu bætt andrúmsloftið með því að takast á við erfið deilumál eins og landtökufólkið.

Bæði Vesturbakkinn og Austur-Jerúsalem eru hertekin svæði, sem Ísraelar náðu á sitt vald árið 1967. Ísraelskir landtökumenn á þessum svæðum eru nú orðnir 300 þúsund talsins. **- gb / kbs**

Ummæli Bidens um Rússa:

## Fallinn í sama far og Bush

**RÚSSLAND, AP Ummæli Joe Biden, varaforseta Bandaríkjanna, þess efnis að efnahagserfiðleikar Rússa geri þá eftirgefanlegri í samningum við Bandaríkin um ýmis öryggismál, virðast hafa farið fyrir brjóstið á Rússum.**

**Ummælunum var slegið upp á forsíðum flestra stórblaða Rússlands, sem spurðu meðal annars hvort Barack Obama ráði í raun ferðinni í samskiptunum við Rússland.**

**„Joe Biden var óvænt kominn aftur í sömu kappræðuklækina og Bush-stjórnin,“ sagði í einu blaðanna. - gb**

Engin ákvörðun enn:

## Afskriftir láns Björgólfsfeðga

**VIÐSKIPTI** Ekki er búið að taka ákvörðun um afskriftir láns til Björgólfsfeðga. Lánið er til komið vegna kaupa þeirra á Landsbanka Íslands árið 2002. Þetta staðfesti Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, í samtali við Fréttablaðið.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON**

Greint var frá því í Fréttablaðinu í byrjun júlí að Björgólfur Thor Björgólfsson og faðir hans, Björgólfur Guðmundsson, hefðu boðist til að greiða um 40 til 50 prósent af eftirstandandi skuld við Kaupþing sem talin er nema 5,9 milljörðum króna. **- bþa**

Ríkisstjóri Alaska hættir:

## Palin gagnrýnir fjölmiðlana

**ALASKA, AP Sarah Palin, ríkisstjóri Alaska og varaforsetaframbjóðandi Repúblikana fyrir síðustu forsetakosningar, gagnrýndi fjölmiðla harðlega þegar hún lét af embætti sínu á sunnudag. Sean Parnell vararíkisstjóri hefur nú tekið sæti Palin sem ríkisstjóri ríkisins.**

**Palin sagðist ætla að halda áfram að berjast á vettvangi stjórnvalda, en um eitt og hálft ár er eftir af kjörtímabili hennar. - kg**

### LEIÐRÉTTING

Í frétt í gær af nýrri flugleið Icelandair til Seattle í Bandaríkjunum var áætluð ársvelta ranglega sögð 35 milljarðar króna. Hún nemur 35 milljónum Bandaríkjadala, eða um 5 milljörðum króna. Framkvæmdastjóri Icelandair heitir Birkir Hólm Guðnason.

# Voru bara í skemmtisiglingu

**Enginn sakborninganna í stærsta fíkniefnamáli Íslandssögunnar kannast við að hafa ætlað að flytja til landsins fíkniefni. Tollverðir leituðu í skútunni við Holland. Mikið er um tilviljanir, ef marka má ákærðu.**

**DÓMSMÁL** Hópur hollenskra tollvarða fór um borð í skútuna Sirtaki, sem talið er að hafi flutt yfir hundrað kíló af fíkniefnum áleiðis til Íslands, við strendur Hollands áður en hún lagði af stað. Þeir fundu hins vegar engin fíkniefni í henni. Þetta kom fram við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Sex eru ákærðir í málinu. Hollendingurinn Peter Rabe, Rúnar Þór Róbertsson og Árni Hrafn Ásbjörnsson eru ákærðir fyrir að sigla með efnin á skútunni Sirtaki frá Belgíu áleiðis til Íslands, og koma þeim í hendur hinna nokkra tugi sjómílna frá landi. Jónas Árni Lúðvíksson og Halldór Hlíðar Bergmundsson eru ákærðir fyrir að sigla til móts við skútuna á gúmmíbáti og taka við efnunum, og Pétur Kúld Pétursson er ákærður fyrir að taka síðan við fíkniefnunum í landi.

Sakborningarnir þrír sem handteknir voru á skútunni og verjendur þeirra reyndu í gær að telja réttinum trú um að skútan Sirtaki hefði aldrei komið nærri gúmmíbátnum og að um borð í henni hefðu ekki verið nein fíkniefni. Þeir hefðu einungis verið í skemmtisiglingu og því hlyti að hafa verið um aðra skútu að ræða sem hefði borið fíkniefnin.

Ýmislegt í gögnum lögreglu bendir þó til hins gagnstæða. Til dæmis bar Halldór Hlíðar, sem sigldi á gúmmíbátnum til móts við skútuna með Jónasi Árna, að hann hefði séð Peter Rabe og Árna Hrafn um borð í skútunni. Enn fremur hefur lögregla rakið notkun gervihnattasíma sem Jónas hringdi í úr landi og komist að því að hann var um borð í skútunni. Síminn var skráður á Rúnar Þór.

Þeir skýrðu flótta sinn undan Landhelgisgæslunni og sérsveitarmönnum með því að veður hefði verið vont og þeir hefðu heldur viljað sigla til Færeyja en snúa aftur til Íslands. Því hafi þeir ekki sinnt stöðvunarmerkjum.

Þremenningarnir í landi, Jónas, Halldór og Pétur, játa allir sök að hluta, en segjast hafa haldið að þeir væru að sækja stera en ekki fíkniefni. Jónas, sem fékk hina tvo til verksins, segist ekki vilja greina frá því hver bað hann um innflutninginn af ótta við hefndaraðgerðir. Honum hefði verið hótað þegar hann dvaldi á Litla-Hrauni.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið í dag.

**stigur@frettabladid.is**



**DYGGILEGA VARÐIR** Meintur höfuðpaur í málinu, Peter Rabe, ræðir við dómtúlk. Við hlið hans situr Rúnar Þór Róbertsson vinur hans. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

### NENNTU EKKI AÐ SÆKJA HULDUKONUR

Svo virðist sem þremenningarnir á skútunni hafi ætlað að afvegaleiða yfirvöld með því að skrá þrjár huldukonur sem farþega skútunnar, tvær með íslensk nöfn og eina með hollenskt. Þannig hefðu þeir virst á hefðbundnu ferðalagi með kærustum sínum.

Stúlkurnar þrjár komu hins vegar aldrei um borð og reyndust við nánari eftirgrennslan lögreglu ekki vera til í raun og veru. Mennirnir skýrðu svo frá fyrir dómi að stúlkurnar væru vændiskonur sem þeir hefðu ekki nennt að sækja í aðra hollenska höfn.

### TILVILJANIR Á TILVILJANIR OFAN

Ef marka má vitnisburð sakborninga hafa æði margar tilviljanir gert þá grunsamlega í augum yfirvalda.

■ Pétur Kúld Pétursson flaug til Amsterdam í mars. Í sama flugi var Rúnar Þór Róbertsson. Pétur segist þó aldrei nokkurn tíma hafa hitt Rúnar fyrir handtökuna. Spurður hvort hann hefði einnig hitt með Rúnari, Jónasi Árna, Peter Rabe og Árna Hrafni í Amsterdam sagði hann svo ekki vera.

■ Árni Hrafn sagðist hafa farið til Amsterdam til að gera upp hús fyrir Peter Rabe. Áður en hann hafi farið af stað hafi hús Peters hins vegar brunnið til grunna. Þeir hafi því ákveðið að fara í skútusiglingu í staðinn.

■ Um borð í skútunni fannst taska utan af fartölvu og ýmsar snúrur henni tengdar. Fartölvan var þó hvergi sjáanleg. Þá hefur lögregla rakið símtöl og komist að því að gervihnattasími í eigu Rúnars var notaður um borð. Rúnar og Peter segja að bæði síminn og tölvan hafi brunnið inni í húsi Peters í Amsterdam.

■ Spurður hvernig á því standi að sími með hans eigandakóða hafi verið notaður nokkrum sinnum á sjóleiðinni frá Belgíu til Íslands, segir Rúnar að einhver honum ótengdur á nálægri skútu, sem væri hin raunverulega smyglskúta, hljóti að hafa verið með sams konar gervihnattasíma „klónaðan“ af hans eigin síma.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**GÓÐVIÐRI UM NÆSTU HELGI** Einkar hagstæðar veðurhorfur verða á landinu næstu helgi, verslunarmannahelgina. Vindur verður hægur um allt land og það eru góð tíðindi. Úrkoman verður helst norðan og austan til á landinu og þá á laugardeginum en segja má almennt að landið verði í þurrari kantinum. Sólríkt gæti orðið sunnanlands og vestan með hlýindum.




**Á MORGUN** Norðaustan 8-13 m/s NV til annars hæg austlæg átt.

**FIMMTUDAGUR** Norðan 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 23° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Eindhoven | 23° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 30° |
| London | 22° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 26° |
| Róm | 34° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




# SKULDAAÐLÖGUN

**Nýi Kaupþing banki** kynnir nýtt úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda. Með Skuldaaðlögun eru lán aðlöguð greiðslugetu viðskiptavina bankans. Skuldaaðlögun er einföld og sveigjanleg leið til að leiðrétta stöðuna.

Skuldaaðlögun er enn ein lausnin sem **Nýi Kaupþing banki** býður viðskiptavinum til að takast á við erfiðan fjárhag. Meðal þeirra leiða sem bankinn gefur kost á eru:

- Skuldaaðlögun
- Lenging lánstíma
- Breyting á lánaskilmálum
- Tímabundin frestun afborgana
- Ráðgjöf
- Greiðslujöfnun
- Ekkert uppgreiðslugjald
- Innágreiðslur lána í Netbanka
- Stöðumat
- Heimilisbókhald
- Lífeyris- og tryggingamál
- Netdreifing/útgjaldadreifing

## VIÐ GETUM LEYST MÁLIN Í SAMEININGU

Fáðu ítarlegri upplýsingar um Skuldaaðlögun og önnur úrræði á **www.kaupthing.is**, hafðu samband í síma **444 7000** eða komdu við í næsta útibúi **Nýja Kaupþings banka.**

NÝI KAUPÞING BANKI

## KJÖRKASSINN



*Ætti Jón Bjarnason að hætta sem ráðherra fyrst hann er ósammála ESB-stefnu stjórnarinnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,4% |
| Nei | 57,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú keyrt undir áhrifum áfengis?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

## EVRÓPUSAMBANDIÐ OG ATVINNULEYSI

### Ísland undir meðaltali

Meðalatvinnuleysi í löndum ESB var 8,9 prósent í byrjun sumars og er talið að um 22 milljónir manna séu án atvinnu. Spáð er að atvinnuleysi muni vaxa á komandi mánuðum. Á Íslandi er atvinnuleysi lægra, eða um 8,7 prósent. Mest er atvinnuleysi, í löndum ESB, á Spáni, eða um 18,7 prósent. Einnig er atvinnuleysi mjög mikið í Eystrasaltslöndunum.
Minnsta atvinnuleysið í ESB-löndunum er í Hollandi, eða um 3,2 prósent. Atvinnuleysið er einnig lítið í Austur-Evrópu, til dæmis í Slóveníu, 5,9 prósent, og í Tékklandi, 6,1 prósent. - vsp




Seðlabanki Bandaríkjanna:

## Gagnrýna bankastjóra

**BANDARÍKIN** Ben Bernanke, bankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna, segir aðgerðir bankans nauðsynlegar til að hindra að kreppan mikla frá 1930 endurtaki sig. Þetta sagði hann á blaðamannafundi í Missouri-ríki.



BEN BERNANKE

Bernanke hefur legið undir mikilli gagnrýni undanfarið vegna fjárúthlutana bankans við endurreisn hagkerfisins. Meðal gagnrýnenda er hinn 93 ára gamli peningamálahagfræðingur, Anna Schwartz, sem skrifaði harðorða grein í New York Times þar sem hún krefst þess að Bernanke verði ekki endurskipaður sem seðlabankastjóri á næsta ári. - bþa



**DAVID MILIBAND** Utanríkisráðherra Bretlands á NATO-fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Breta:

## Brýnt að semja við talibana

**AFGANISTAN, AP David Miliband, utanríkisráðherra Breta, leggur nú mikla áherslu á að stjórn Afganistans semji við hófsöm öfl innan talibanahreyfingarinnar um þátttöku þeirra í afgönskum stjórnmálum og kosningunum í næsta mánuði.**

**„Fyrrverandi talibanar sitja á þingi,“ sagði hann í ræðu í höfuðstöðvum NATO í Brussel í gær. „Þannig að engin ástæða er til þess að liðsmenn í uppreisninni nú geti ekki fylgt í kjölfarið, svo fremi sem þeir eru reiðubúnir til að taka þátt í friðsamlegri framtíð og viðurkenna stjórnarskrá Afganistans.“**

**Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur reyndar þegar gert samning við talibana í héraði í norðvesturhluta landsins um vopnahlé fram yfir kosningar.** - gb

# Gott gengi í upphafi varð okkur að falli

**Í bókinni Why Iceland? skrifar Ásgeir Jónsson um aðdraganda og helstu ástæður hrunsins hérlendis. Gott gengi í upphafi hafi laðað mikið fjármagn hingað til lands sem hafi gert fallið hærra. Hann neitar ekki sinni ábyrgð.**

**EFNAHAGSMÁL** „Eitt af því sem varð Íslandi að falli var of gott gengi í upphafi. Efnahagsumbætur eftir hrun þorsksins 1988 og opnun landsins á tíunda áratugnum gáfu landsmönnum góðan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum og sköpuðu forsendur fyrir 15 ára velmegunartíma,“ segir Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings. „En því miður fórum við fram úr sjálfum okkur undir lokin með hrapallegum afleiðingum.“

Á föstudag kom út bók eftir Ásgeir sem ber heitið Why Iceland? eða Af hverju Ísland? Í bókinni fjallar Ásgeir um aðdraganda hrunsins og hvað hafi farið úrskeiðis hérlendis. Ásgeir lýsir meðal annars stöðutöku erlendra vogunarsjóða gegn krónunni. Hann segir að frá árinu 2006 hafi Íslendingar litið útrás bankanna öðrum augum en útlendingar. Íslendingar hafi séð yfirtökur á erlendum stofnunum sem alþjóðavæðingu og áhættudreifingu en erlendir aðilar hafi séð hana sem stækkun íslenska bankakerfisins.

Hann segir að bankahrunið sjálft hafi ekki verið óumflýjanlegt. Því miður hafi íslensku bankarnir byrjað of seint að selja eignir þó allar aðgerðir hefðu ávallt verið sársaukafullar. Ekki hafi heldur verið til nægur gjaldeyrisforði til þess að yfirvöld gætu gripið inn í með trúverðugum hætti. Einnig skorti tilfinnanlega samvinnu milli Seðlabankans og bankanna. „Það sem gerði þó lokaútslagið var alger neitun frá stærstu seðlabönkum hins vestræna heims að koma Íslandi til hjálpar“.

Aðspurður segir Ásgeir bókina ekki vera persónulegt uppgjör við þátttöku sína í íslenska bankaævintýrinu. Hann sé aðeins sögumaður og reyni að sýna heiðarleika sem slíkur. „Ég neita þó ekki minni ábyrgð,“ segir hann. Það sé þó nokkuð annað að horfa fram en aftur. Honum finnst þó nokkurrar ósanngirni gæta í umræðunni um hvað greiningardeildirnar eigi að hafa sagt og ekki sagt. Hann bendir á að sérfræðingar Citigroup hafi mælt með kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi í júlí 2007.

„Staðreyndin er þó sú að nær enginn bjóst við því að fjármálakreppan yrði jafn djúp og raun bar vitni og í kjölfarið er ljóst að mörg viðtekin lögmál í bankarekstri verða nú tekin til endurskoðunar. Það nægir að nefna að árið 2008 hafði enginn banki í Evrópu orðið gjaldþrota í þrjátíu ár. Þar fyrir utan er líklega enginn Íslendingur samur eftir atburði vetrarins – ég er þar vitanlega meðtalinn.“

bta@frettabladid.is



**ENGINN ÍSLENDINGUR SAMUR EFTIR ATBURÐI VETRARINS** Ásgeir Jónsson er forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings auk þess sem hann er lektor við Háskóla Íslands. Bók Ásgeirs er gefin út á ensku af hinu virta útgáfufyrirtæki McGraw Hill. Stefnt er að því að gefa bókina út í íslenskri þýðingu í lok september. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> En því miður fórum við fram úr sjálfum okkur undir lokin með hrapallegum afleiðingum.
>
> **ÁSGEIR JÓNSSON**
> HÖFUNDUR WHY ICELAND?

Lánveitingar banka til tengdra aðila ekki alvarlegustu málin segir forstjóri FME:

# Engin mál borist saksóknara

**VIÐSKIPTI** Búast má við því að rannsóknum Fjármálaeftirlitsins (FME) á lánveitingum viðskiptabankanna þriggja til tengdra aðila ljúki fyrir lok ágúst, segir Gunnar Andersen, forstjóri FME.

Þegar rannsókn er lokið verður ákveðið hvort málin fara til Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins, eða hvort þau verða látin niður falla. Engin slík mál hafa borist embættinu enn, segir Ólafur.

Gunnar segir önnur mál en lánveitingar banka til aðila tengdum eigendum þeirra mun alvarlegri í augum FME. Þar megi til dæmis nefna grun um markaðsmisnotkun, innherjaviðskipti og önnur dæmi um slæma viðskiptahætti og óskiljanlegar ákvarðanir.



**GUNNAR ANDERSEN**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Ríkisútvarpið leiddi að því líkur í frétt á sunnudag að Landsbankinn hafi lánað félögum tengdum stjórnendum bankans hærri upphæð en leyfilegt hafi verið. Í yfirlýsingu frá fyrrverandi eigendum bankans er frétt Ríkisútvarpsins sögð röng. Lög banni lánveitingar til tengdra aðila umfram ákveðið hlutfall, en það eigi ekki við þegar um yfirtökur eldri lána og ábyrgða sé að ræða.

Gunnar segir reglu um hlutfall útlána til tengdra aðila ófrávíkjanlega. Þegar hlutfallið hafi orðið of hátt, til dæmis vegna gengisbreytinga eða samruna, hafi verið veittur tímafrestur til að laga hlutfallið. Slíkt hafi nokkrum sinnum komið fyrir, sér vitanlega. - bj



**VIÐ UPPHAF FERÐAR** Þeir Ómar Ragnarsson og Einar Vilhjálmsson keyrðu hringveginn á alíslensku eldsneyti.

Keyrðu hringveginn á metani:

## Ferðin opnaði nýjan heim

**SAMGÖNGUR Einar Vilhjálmsson, fyrrverandi spjótkastari og skólastjóri, og Ómar Ragnarsson skemmtikraftur luku hringferð sinni á metanbíl á sunnudag. Lögðu þeir af stað á föstudag og keyrðu eingöngu á íslensku metangasi en aldrei fyrr hefur hringvegurinn verið ekinn á bíl knúnum alíslensku eldsneyti.**

**„Þetta gekk frábærlega vel og opnaði nýjan heim fyrir mér,“ sagði Ómar Ragnarsson eftir ferðalagið í gær. „Aðalatriðið er að maður finnur engan mun á þessum bíl og venjulegum bíl. Maður kemst alveg jafn hratt ef ekki bara hraðar,“ segir Ómar.**

**Metanið er unnið úr svokölluðu hauggasi sem er gas úr úrgangi af ruslahaugum landsins. Notuð er sama vél í metanbíla en litlu stykki breytt sem dreifir metani inn í brunahólfin í staðinn fyrir olíu.** - vsp

Bók Nóbelsverðlaunahafa:

## Bók Krugmans þýdd á íslensku

**EFNAHAGSMÁL** Nýlega kom út í íslenskri þýðingu bókin Aftur til kreppuhagfræði: Krísan 2008 eftir nóbelsverðlaunahafann Paul Krugman. Bókin heitir á frummálinu The Return of Depression Economics and the Crisis of 2008. Bókin er þýdd af Elínu Guðmundsdóttur og gefin út af Urði Bókafélagi.



PAUL KRUGMAN

Bókin kom upphaflega út árið 1999 og fjallaði um þau efnahagsvandræði sem lönd í Asíu höfðu lent í um miðjan síðasta áratug. Krugman endurgerði bókina með áherslu á hvað fór úrskeiðis í aðdraganda þeirrar krísu sem nú ríkir. - bþa

**SUÐURLAND**

### Lönduðu í Bakkafjöruhöfn

Afla var landað í fyrsta sinn í nýrri Bakkafjöruhöfn á Landeyjasandi fyrir helgina. Frá þessu er greint á heimasíðunni sudurlandid.is. Aflinn voru þrír þorskar sem veiddust á stöng. Rúmlega sextíu ár eru liðin frá því að afla var síðast landað á Landeyjasandi.

# 25% afsláttur
# af öllum Jeva töskum

## Vandaðar skólatöskur

Allar Jeva töskur og pennaveski eru búin til úr efni sem inniheldur ekki PVC

Sérstaklega útbúin burðarbönd til að tryggja að taskan sitji ávallt rétt á barninu

Burðaról sem krækir saman burðarböndin að framan til að tryggja jafna dreifingu á þunga töskunar

Færanlegt skilrúm í töskunni

Endurskinsmerki á öllum hliðum til að tryggja hámarks öryggi

Sérstaklega bólstrað bak til að tryggja mestu þægindi fyrir barnið þitt

Íþróttataska með burðaról fylgir

Vasi fyrir pennaveski

Flott drykkjarflaska

Einangrað matarhólf

Nestisbox fylgir

Úr níðsterku efni með tvöföldum saumum og mjög sterkum botni





OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 4. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir þungt hljóð í félagsmönnum:

# Tæplega 30 prósenta aukning

**EFNAHAGSMÁL** Alls hafa 508 fyrirtæki verið tekin til gjaldþrotaskipta á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 393 á sama tímabili fyrir ári. Þetta er rétt rúmlega 29 prósenta aukning á milli ára. Fjöldi gjaldþrota í júní var svipaður og fyrir ári, rétt rúmlega 90 talsins.

Það sem af er ári hefur gjaldþrotum í bygginga- og mannvirkjagerð, fjölgað mest, aukist úr 71 í 134. Hlutfallslega er aukningin þó mest í fjármála- og vátryggingastarfsemi en alls voru sjö gjaldþrot fyrir ári en 28 í ár. Gjaldþrotum í landbúnaði hefur hins vegar fækkað, og í fiskveiðum úr 32 í 17.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI SI** Jón Steindór Valdimarsson vonar að botninum sé náð í samdrætti framkvæmda og það fari að lífna við á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að hann voni að botninum sé að verða náð og framkvæmdir fari að aukast á næstunni. „En það er alveg ljóst að umsvif byggingariðnaðarins verður ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var.“ Hann segir almennt mjög þungt hljóð í mönnum og margir hafi selt tæki, vélar og sagt upp starfsfólki en það hafi jafnvel ekki dugað til.

Jón vonast til að eftir að endurreisn bankakerfisins ljúki um miðjan mánuðinn þá verði auðveldara um vik að fá svör við þeim brýnu málum sem lúta að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. „Það er ekki hægt að ýta þessu lengur á undan sér.“ **- bþa**

# Engin hraðleið í ESB en samt styttri leið

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun á næstu mánuðum gera ítarlega úttekt á íslensku stjórnkerfi til að meta hæfni landsins til aðildar. Olli Rehn segir að úttektin verði unnin með sama hætti og áður hefur verið gert.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins samþykktu á fundi sínum í Brussel í gær aðildarumsókn Íslands og vísuðu henni til framkvæmdastjórnar sambandsins, sem þarf að skila áliti sínu áður en eiginlegar aðildarviðræður geta hafist.

Utanríkisráðherrarnir lögðu sumir hverjir sérstaka áherslu á að Ísland fái enga sérmeðferð hjá Evrópusambandinu, en hins vegar megi búast við að aðildarviðræður geti gengið nokkuð hratt fyrir sig vegna þess hve náin tengsl Íslands og Evrópusambandsins eru nú þegar.

„Það er engin hraðleið fyrir Ísland en samt frekar styttri leið vegna þess að Ísland er nú þegar þátttakandi í innri markaðnum og Schengen-samstarfinu,“ höfðu erlendar fréttastofur eftir Carl Bildt áður en fundurinn hófst.

Þrjú önnur ríki, Króatía, Makedónía og Tyrkland, hafa þegar sótt um aðild, en ýmsar hindranir hafa verið í vegi fyrir því að aðildarviðræður þeirra gangi hratt fyrir sig.

„Ísland er langt á undan öðrum umsóknarríkjum þar sem 70 prósent af löggjöf Evrópusambandsins hafa nú þegar verið tekin upp þar,“ sagði Vygaudar Usackas, utanríkisráðherra Litháens: „Ég vona að vinir okkar og félagar á Balkanskaga skilji það.“

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, sagði hins vegar fráleitt að Ísland fái að fara einhverja hraðleið inn í Evrópusambandið, á kostnað Balkanskagaríkjanna: „Þetta snýst ekkert um það að eitt ríki fái forgang umfram önnur, þetta snýst um að öll ríki fái sömu meðferð og sanngjarna,“ sagði hann í viðtali við AP-fréttastofuna.



**CARL BILDT ÁSAMT BENITO FERRERO-WALDNER OG OLLI REHN** Utanríkisráðherra Svíþjóðar, sem nú fer með formennsku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á blaðamannafundi í gær ásamt utanríkismálastjóra og stækkunarstjóra sambandsins. Á fundinum sátu einnig fyrir svörum utanríkismálafulltrúinn Javier Solana og Evrópumálaráðherra Svíþjóðar, Cecilia Malmström. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið er nú komið í hendur framkvæmdastjórnar ESB, sem næstu mánuðina tekur saman ítarlega skýrslu um valdastofnanir og lagaumhverfi á Íslandi þar sem metið er hvort grundvallarskilyrði aðildar séu fyrir hendi.

Sú skýrsla verður send til leiðtogaráðs ESB, sem kemur saman í desember og tekur væntanlega á þeim fundi ákvörðun um hvort fallist skuli á umsókn Íslands. Verði niðurstaðan jákvæð má búast við að eiginlegar aðildarviðræður hefjist í byrjun næsta árs.

„Við verðum bara að taka eitt skref í einu,“ sagði Rehn, sem hefur umsjón með stækkunarferlinu. **gudsteinn@frettabladid.is**

**Neytendur:** Mangó og avókadó eru erfiðir ávextir:

# *Þolinmæði gagnvart náttúrunni*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Sigurlaug skrifar um vandamál sem margir ættu að kannast við: *„Ég hef lent í því ítrekað að kaupa óþroskaða ávexti í Bónus – aðallega mangó og avókadó – sem ég ætla að leyfa að þroskast heima. Þeir líta alltaf jafn vel út að utan en eru svo skemmdir þegar ég opna þá. Þessir ávextir virðast ekkert þroskast meira að utan heldur skemmast að innan. Mér finnst þetta mjög pirrandi þar sem um dýra ávexti er að ræða og þeir lenda iðulega í ruslinu hjá mér. Mig langar að vita hvort það sé verið að verka ávextina á einhvern hátt þannig að þeir líti vel út í búðinni? Þetta er orðið of algengt til að um tilviljun sé að ræða og ég vil ekki trúa að ég sé óheppnasta manneskjan á landinu í þessum málum.“*

Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri Ávaxtabílsins, segir ólíklegt að þessir ávextir séu verkaðir til að líta sérstaklega vel út. *„Hins vegar eru mangó og avókadó með „erfiðustu“ ávöxtunum að því leyti að maður þarf alltaf að vera að kreista þá og káfa á þeim. Kjörneyslutíminn til að nota þá – þegar ávextirnir gefa mátulega eftir – stendur stutt yfir svo það er auðvelt að missa af honum. Maður þarf alltaf að vera „á vaktinni“. Eins er gott að temja sér þolinmæði og afslöppun gagnvart náttúrunni. Það er ekki hægt að ætlast til þess að allir ávextir séu alltaf fullkomnir.“*



Mangó og avókadó eru erfiðir ávextir sem þarf sífellt að vakta svo maður missi ekki af kjörneyslutíma þeirra.

Kristján Már, framkvæmdastjóri innflutningsfyrirtækisins Banana, bætir við: *„Við flytjum aðeins bestu fáanlegu afbrigðin og tegundirnar inn og frá þeim löndum, sem þau eru fáanleg frá á hverjum tíma. Það yrði alveg út úr kú fyrir okkur að fara að reyna að flytja inn einhverja „tæpa“ vöru, þar sem ekki er mögulegt fyrir okkur að skila eða endursenda hana.“*





# TAX FREE!

22. júlí-8. ágúst

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
# AF ÚTILEGUVÖRUM

**LEIKFÖNG - TJÖLD - SVEFNPOKAR - VINDSÆNGUR - FERÐAGRILL**
**GRILLÁHÖLD - KÆLIBOX - TJALDSTÓLAR**

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

# H-SPENNA

**góð raftæki á lægra verði**
í sumarbústaðinn og ferðalagið



1802585
Ferðaspilari
19.995



1802586
FM Útvarp
4.995



1802587
Talstöðvasett
5.995

**NÝTT**
**Í HÚSASMIÐJUNNI**
SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI,
REYKJANESBÆ, SELFOSSI,
BORGARNESI, AKUREYRI.
GERÐU FRÁBÆR KAUP

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



**GLÍMT VIÐ OFUREFLI** Ónefndur skólakrakki fékk að reyna sig í súmóglímu við fyrrverandi glímukappann Taiichiro Tashima á ströndinni við Tókíóborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríflega þrjú hundruð tillögur bárust í hönnunarsamkeppni með ull:

# Virkjuðu krafta fjölda fólks

**MENNING** Á fjórða hundrað tillaga bárust í hönnunarsamkeppnina Þráður fortíðar til framtíðar, sem hefur það að markmiði að vekja athygli á möguleikum íslenskrar ullar í handverki og hönnun. Tíu verk hafa nú verið tilnefnd til úrslita.

Aðstandendur keppninnar eru himinlifandi yfir þátttökunni. „Ég renndi bara blint í sjóinn og vonaðist auðvitað eftir því að það yrði góð þátttaka en hélt aldrei að það yrði svona gott,“ segir Ester Stefánsdóttir, sem átti hugmyndina að keppninni. „Við náðum greinilega að virkja alls konar fólk, fólk á öllum aldri og bæði hönnuði og almenna leikmenn.“

Hugmyndin að keppninni kviknaði með kreppunni og sífelldum umræðum um tímafrekar virkjanaframkvæmdir, að sögn Esterar. Hún ákvað hins vegar að virkja kraft fólksins. „Við höfum íslensku ullina, sem er gullið okkar, og allan þennan sköpunarkraft. Það vantaði bara umgjörðina.“ Ester fékk hóp kvenna til liðs við sig, þar á meðal Dórótheu Jónsdóttur, framkvæmdastýru Handverkshátíðarinnar í Hrafnagili. Þrjátíu verk voru valin til sýningar á handverkshátíðinni sem verður dagana 7. til 10. ágúst næstkomandi. - þeb



**HJÓLAHNAKKAR** Eitt af tíu verkum sem tilnefnd hafa verið til úrslita eru prjónaðir hjólahnakkar eftir Sigurlínu Jónsdóttur frá Akureyri.

Nýjar reglur í Bretlandi:

# Flýta greiðslum innstæðna

**BRETLAND** Frá 2011 verður reynt að greiða allar innstæður til baka innan viku eða í síðasta lagi 20 daga samkvæmt nýjum reglum breska fjármálaeftirlitsins (FSA). Í dag getur tekið allt að sex vikur að fá greiddar innstæður. Framkvæmdastjóri FSA segir að reglugerðinni sé ætlað að auka traust sparifjáreigenda á bönkum og fjármálastofnunum.

Reglugerðin kemur í kjölfar fjölda gjaldþrota á Bretlandseyjum undanfarið sem hófst með falli bankans Northern Rock. Fjárhæðir á breskum bankareikningum eru tryggðar að 50 þúsund pundum. - bþa

Srí Lanka fær lán frá AGS:

# Endurreisn hafin

**SRÍ LANKA** **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur veitt Srí Lanka lán upp á tvo og hálfan milljarð Bandaríkjadala. Lánveitingin var tekin fyrir hjá sjóðnum síðastliðinn föstudag.**

**Stjórnvöld á Srí Lanka hófu viðræður við sjóðinn í fyrravetur í kjölfar þess að fjármunir ríkissjóðs höfðu dregist saman um helming á sex mánaða tímabili. Þá minnkuðu útflutningstekjur landsins og varð ráðstöfunarfé ríkissjóðs minnst 1,4 milljarðar dala.**

**Lánið er hugsað sem varasjóður við endurreisn efnahags landsins, en borgarastyrjöldinni sem geisaði í landinu í 26 ár lauk ekki fyrr en í maí á þessu ári.** - kbs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Átta teknir í Borgarnesi

Átta voru teknir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi á þriggja tíma tímabili á sunnudagskvöldið. Sá hraðasti var á 115 kílómetra hraða.

## SUÐURLAND

### Landeyjahöfn gengur vel

Vinna við Landeyjahöfn gengur betur en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Lokið hefur verið við að móta ytri hlið brimvarnargarðanna og sérlega langur gröfuarmur, sem mun auðvelda vinnu við garðana, verður tekinn í notkun í vikunni.

# Fyrrum samherjar neita samstarfi við Kristján á Álftanesi

**Viðræður eru hafnar um að þrír fulltrúar Á-lista fari í samstarf við þrjá fulltrúa D-lista á Álftanesi. Eftir stæði Kristján Sveinbjörnsson sem tilheyrði Á-lista. Bæjarstjóri segir Kristján hafa brotið trúnað.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Viðræður um nýjan meirihluta á Álftanesi eru hafnar. Til stendur að þrír fulltrúar Á-lista fari í samstarf við þrjá fulltrúa D-lista. Sjö bæjarfulltrúar eru á Álftanesi og myndi þá einn bæjarfulltrúi standa eftir, Kristján Sveinbjörnsson, sem áður tilheyrði Á-listanum. Guðmundur D. Gunnarsson, oddviti D-listans, staðfestir þetta.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON**

„Bæjarstjórinn boðaði okkur á fund á sunnudagskvöldið til að upplýsa okkur um stöðu mála,“ segir Guðmundur. Fulltrúar Á- og D-lista funduðu í gærkvöldi þar sem næstu skref voru ákveðin. Sigurður Magnússon, bæjarstjóri Álftaness, fyrir Á-listann, staðfestir að þreifingar hafi verið milli manna um myndun nýs meirihluta.

Ástæðan fyrir þessu er að samgönguráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að Kristján ætti rétt á því að sitja sem bæjarfulltrúi fyrir Álftanes. Kristján hafði óskað eftir því að draga sig í hlé sem bæjarfulltrúi síðasta vetur, vegna persónulegra ástæðna. Vildi hann snúa aftur í mars en bæjarstjórnin taldi að hann hefði tekið sér ótímabundið leyfi. Vildi Kristján hins vegar meina að leyfi hans hafi verið tímabundið og féllst samgönguráðuneytið á það.

„Þessi úrskurður kom okkur á óvart,“ segir Sigurður Magnússon. Hann segir bæjarstjórn að sjálfsögðu hlíta úrskurðinum. „Hann kemur hins vegar inn sem fulltrúi Á-lista því við lítum svo á að hann hafi brotið trúnað við okkur bæjarfulltrúana, íbúa Álftaness og kjósendur og kemur hann því inn sem sjálfstæður bæjarfulltrúi,“ segir Sigurður.

Fyrir liggur stefna í einkamáli vegna meiðyrðamáls gegn Kristjáni þar sem hann er grunaður um að standa á bak við nafnlausan óhróður um fólk sem hann stóð í lóðadeilum við. Kristján var í 3. sæti á Á-listanum fyrir síðustu kosningar.

Ef Kristján kemur ekki inn á vegum Á-lista er ljóst að listinn hefur þrjá fulltrúa af sjö og er þá í minnihluta. Kristján þyrfti því að verja Á-listann falli ef viðræður milli Á- og D-lista takast ekki. Guðmundur D. Gunnarsson segir afar litlar líkur á því að D-listi fari í meirihluta með Kristjáni. Kristján sagði engar viðræður hafa farið fram milli hans og D-lista. vidir@frettabladid.is



**ÁLFTANES** Sjö bæjarfulltrúar eru á Álftanesi. Viðræður eru hafnar um að þrír fulltrúar D-lista og þrír fulltrúar Á-lista fari saman í stjórn. Það myndi skilja Kristján Sveinbjörnsson, fyrrverandi fulltrúa Á-lista, eftir í minnihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





www.ellingsen.is
23.–31. júlí
SUMAR-
MARKAÐUR
Heimsþekkt gæðamerki á hreint frábæru verði!
Columbia Sportswear Company
Gönguskór
Sandalar
30–40% afsláttur
Vönduð og slitsterk gæðavara
Fatnaður
30–50% afsláttur
Stenst kröfur þeirra vandlátustu
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
Útivistarfatnaður
25–50% afsláttur
Endingargóðar og afburðavel hannaðar vörur
DEVOLD
Ullarfatnaður
25–35% afsláttur
Heldur hita við erfiðustu aðstæður
Coleman
Útileguvörur
Margvísleg tilboð í gangi
Sterkbyggðar og endingargóðar vörur
PRIMUS
Útileguvörur
Margvísleg tilboð í gangi
Gæðagripir í miklu úrvali
CAMPINGAZ
Gasgrill og gashitarar
Frábær tilboð
Vandaðar vörur fyrir íslenskar aðstæður
Seeland
Veiðifatnaður
40% afsláttur
Toppurinn í veiðifatnaði
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Björgólfur fjallaði ekki um eigin lán í bankanum:

## Reglunum fylgt í Austurstræti 11

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Allar ákvarðanir sem tengdust lánum til fyrirtækja Björgólfs [Guðmundssonar] voru í fullu samræmi við almennar reglur um útlán banka til eigenda og stjórnarmanna í bönkum og fjármálafyrirtækjum. Björgólfur vék sæti úr bankaráði Landsbankans þegar þessi mál voru til meðferðar í ráðinu.“

Þetta hefur Björgólfur upplýst í yfirlýsingu.

Og svo sem engin ástæða til að draga þau orð hans í efa.

Á hinn bóginn er auðvelt að ímynda sér aðstæðurnar.

Gefum hugarfluginu lausan tauminn.

Björgólfur formaður stýrir fundi í gamla virðulega bankaráðsherberginu í Austurstræti númer 11. Röðin er komin að erindi sem snýr að lánveitingu til hans sjálfs. Hann gerir grein fyrir því og kveðst bíða frammi á meðan þau hin fjalla um málið. „Þið opnið svo bara og segið hó þegar þið eruð búin,“ hefur hann kannski sagt um leið og hann stóð upp og fór fram á gang.

Eftir sátu Kjartan Gunnarsson, Svafa Grönfeldt, Þorgeir Baldursson og Þór Kristjánsson eða Andri Sveinsson. Með haganlega útbúið erindi lánanefndar Landsbankans til bankaráðs Landsbankans þar sem mælt er með því að bankaráðsformanninum verði lánaðir peningar.

Hverjar eru líkurnar á að bankaráðsfólkið – með fullri virðingu fyrir því og hæfileikum þess til að greina áhættu – hafni erindinu? Eru þær einhverjar?

Líklegra er að Björgólfur hafi heyrt „hóið“ mjög fljótlega eftir að hann stóð upp úr stólnum sínum og fór fram á gang.

Auðvitað var bankaráðsfólkið sett í erfiða og asnalega stöðu. Fólkið í lánanefndinni líka.

Sama á vitaskuld um hina bankana þar sem sömu reglur voru sjálfsagt viðhafðar. Menn alltaf annað slagið að standa upp frá fundum og bíða frammi á gangi á meðan samstarfsfólkið í bankaráðunum afgreiddi erindi þeirra.

Ein af fjölmörgum ástæðum þess að jafn illa fór fyrir bönkunum og raun ber vitni er sú að eigendur þeirra voru alltumlykjandi í viðskiptalífinu. Önnur ástæða er að þeir héldu að bankarekstur væri eins og hver annar rekstur. Það er hann ekki. Starfsemi viðskiptabanka er af öðrum toga en hefðbundinna fyrirtækja í framleiðslu, sölu eða þjónustu. Fjárhagur viðskiptavinanna er jú undir – eins og við vitum svo vel núna. Almenna leiðarstefið er íhaldssemi og varkárni. Viðskiptabankar sem ávaxta ævisparnað fólks eiga ekki að stækka hratt heldur hægt. Hlutabréfaeigendur eiga ekki að geta gert sér vonir um skjótan ofurgróða.

Okkur Íslendingum ber vonandi gæfa til að öðlast betri bankaeigendur í framtíðinni. Fólk sem ekki er haldið drottnunarkenndum og langar helst til að gleypa alheiminn í nokkrum bitum. Fólk sem ekki þarf að víkja reglulega af bankaráðsfundum á meðan erindi þess sjálfs er til afgreiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Travel John ferðaklósett leysa málið**



*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.*

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

TravelJohn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blint stefnumót?

Stundum er eins og það hafi ekki verið sveitarstjórnarkosningar nú í vor, hvar flokkar báru fram stefnu sína. Í það minnsta virðist staðan stundum þannig að hvorki vinstri græn né Samfylkingarfólk hafi áttað sig á því hver var stefna hins flokksins.

Þannig er nú hver sótraftur á sjó dreginn til að lýsa furðu á hinum ýmsu yfirlýsingum samstarfsfólksins. Vissu flokkarnir ekki um afstöðu hvor annars í Evrópumálum? Stendur ekki í stjórnarsáttmálanum að ólíkar áherslur og málfutningur verði virtur?



Ég held að menn ættu að hætta að hegða sér eins og þeir séu á blindu stefnumóti og sífellt fleira komi þeim á óvart í fari mótaðilans. Í staðinn mætti fara að stjórna landinu.

### Þarf ekki að ná inn manni

Vinstri græn náðu ekki manni inn í síðustu sveitarstjórnarkosningum í Grindavík, en staða þeirra hefur heldur betur breyst til batnaðar. Nú á flokkurinn tvo bæjarfulltrúa. Í júní gengu þeir Björn Haraldsson úr Frjálslynda flokknum og Garðar Páll Vignisson úr Samfylkingunni til liðs við flokkinn.

Verst að kosningar eru á næsta leiti, annars hefði flokkurinn mögulega náð hreinum meirihluta.

### Ég sé blátt reiðhjól

Sjáandinn Lára Ólafsdóttir spáði því að klukkan rúmlega 23 í gærkvöldi yrði stór skjálfti við Grindavík. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var enn óvíst hvort spádómur Láru hefði ræst.

Á ja.is er, auk símanúmera, heimasíða um jarðskjálftahús skráð undir nafni sjáandans. Ekki verður annað skilið af síðunni – sem reyndar hefur tekið breytingum síðustu daga – en þar sé hægt að fá jarðskjálftaheld sumarhús.



Kannski Lára sjái fyrir aukin viðskipti á næstunni í kjölfar meiri umræðu um jarðskjálfta?

**kolbeinn@frettabladid.is**

# Þrotabú frjálshyggju



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Frjálshyggja

Þessar vikur berast stöðugt fleiri tíðindi sem sýna fram á hversu rotið íslenskt viðskiptalíf var í tíð útrásarinnar. Fyrirtæki fengu lán í bönkum til að kaupa aðra banka, eigendur banka hygluðu eigin fyrirtækjum og krosseignatengsl banka og annarra fyrirtækja voru með ólíkindum. Þannig voru sköpuð gerviverðmæti sem engin innstæða var fyrir en spilaborgin fékk að standa á meðan þensla ríkti á hinum hnattvædda fjármagnsmarkaði. Þetta var ekki sérkenni á íslenskum kapítalisma en vegna smæðar samfélagsins, veiks regluverks og fullkominnar vanrækslu eftirlitsaðila þá var hið íslenska afbrigði heimskapítalismans óvenju rotið. Þetta ástand fékk að viðgangast árum saman án verulegs aðhalds og má einkum kenna tvennu um. Annars vegar því að ráðamenn á þessum tíma aðhylltust kreddufrjálshyggju, trúðu á veikt regluverk og fordæmdu „boð og bönn“. Þeir vildu ekki læra af reynslu annarra þjóða, til dæmis Ástralíumanna, sem hafa sett ströng lög um bankaviðskipti. Þrátt fyrir aðvaranir við því að blanda saman bankarekstri og öðrum fyrirtækjarekstri var ekki hlustað.

Á hinn bóginn brást aðhald íslenskra fjölmiðla. Nú þegar sænsk-danska kvikmyndin um karla sem hata konur er sýnd í kvikmyndahúsum á Íslandi er vert að benda á að önnur aðalpersónan, hinn gagnrýni viðskiptablaðamaður, er ekki til á Íslandi. Á Íslandi tíðkuðust einungis lofgjarðir um þá sem voru umsvifamiklir í viðskiptalífinu. Verkefni sérstaks saksóknara og annarra þeirra sem nú vinna að því að draga sannleikann fram í dagsljósið er því ekki auðvelt en þó hafa þeir þegar náð allmiklum árangri; hin sanna mynd af íslensku viðskiptalífi undanfarin ár er óðum að koma í ljós og hún er ekki fögur. En almenningur er að vonum óþreyjufullur og vill hraðari og harðari viðbrögð – að gengið verði að eignum mannanna sem blekktu þjóðina og umheiminn og þó kannski mest þá sem vildu láta blekkjast. Stjórnvöld verða að sýna ákveðni í því máli því að til þess er ætlast af þeim og þetta er meðal annars ástæðan fyrir kosningasigri þessara flokka í apríl.

Einnig er óðum að koma í ljós það ráðaleysi og sá dómgreindarbrestur sem einkenndi ráðamenn fyrstu mánuðina fyrir og eftir hrun. Í ljós hefur komið að þjóðnýting bankanna í haust var ekki annað en Potemkintjöld og tveir þeirra eru nú komnir í hendur erlendu kröfuhafanna sem áttu þá í raun allan tímann. Fálmkenndar tilraunir Seðlabankans til að efla gjaldeyrisforðann og halda gengi krónunnar háu fyrir og eftir hrun leiddu svo til hárra skulda sem munu falla á þjóðarbúið innan skamms. Stjórnvöld eyddu 200 milljörðum til að verja innstæður í peningamarkaðssjóðum gegn meira eða minna ónýtum veðum. Allt bitnar þetta á stöðu ríkisfjármála og dregur úr því svigrúmi sem stjórnvöld munu hafa næstu mánuði.

Bráðabirgðalögin um verndun innstæðna á Íslandi leiddu svo af sér Icesave-málið sem núverandi stjórnarandstaða hefur farið mikinn yfir. En Icesave-skuldin er samt aðeins um 10% af erlendum skuldum þjóðarbúsins; það er tæpur þriðjungur af því sem álfyrirtækin skulda móðurfyrirtækjum sínum erlendis. Icesave-skuldin er líka frábrugðin öðrum opinberum skuldum að því leyti að vextirnir eru hagstæðari og hægt er að láta skuldir Landsbankans ganga upp í hana. Allt tal um „Iceslave“ er því óðum að verða þreyttasti brandari ársins. Á meðan týnist aðalatriði málsins sem er hin óhjákvæmilega skuldsetning þjóðarbúsins vegna hrunsins og meðfylgjandi lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, öðrum Norðurlöndum, Rússlandi og fleirum. Þetta eru skuldirnar sem þegar hafa leitt af sér aukna skattbyrði og niðurskurð hins opinbera, en enginn álitlegri kostur virðist þó hafa verið í stöðunni. Þessi dýrkeyptu lán og uppgjörið við kröfuhafa Kaupþings og Glitnis hafa þó valdið því að traust Íslands í alþjóðaviðskiptum er óðum að aukast á ný og það væri furðuleg glópska að eyða því vegna einhverrar misskilinnar þjóðerniskenndar í Icesave-málinu.

Margir heiðarlegir vinstrimenn kvarta nú yfir því hvernig alþjóðakapítalið hefur leikið Íslendinga og er talað um hnefaréttinn í því samhengi. Það er vissulega rétt en þessum leikreglum breytum við Íslendingar ekki á fáeinum mánuðum og við gerum það ekki ein. Þvert á móti bíður þjóðarinnar nú það verkefni að vinna sig út úr vandanum við þessi erfiðu skilyrði en vera jafnframt minnug núverandi stöðu okkar næst þegar samið verður um reglur í heimsviðskiptum.

# Dómgreindarskortur

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson svarar forystugrein Jóns Kaldal.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Leiðari Fréttablaðsins í gær var undir fyrirsögninni Vinskapur og peningar. Leiðarahöfundur var sér meðvitaður um að Íslendingar þyrftu á hvoru tveggja að halda, vinskap og peningum. Ein á báti værum við, að mati blaðsins, einskis megnug: „Ögmundur vill að Ísland vinni sig út úr vandræðunum af eigin rammleik. Það er því miður ekki raunhæft. Við þurfum hjálp …“ Þetta skrifar Jón Kaldal ritstjóri, sem auk þess telur mig eiga sitthvað sameiginlegt með einstaklingi sem fór hamförum í fjölskylduerjum á Barðaströnd á helginni sem leið.

En um stóru línurnar stendur upp úr, að mati þessa dagblaðs, að Íslendingar komist ekki út úr vanda sínum sjálfir, heldur verði að treysta á aðra.

Þessu er ég algerlega ósammála. Ef við Íslendingar komumst ekki út úr vandræðum okkar á eigin forsendum þá eigum við ekki framtíð sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Ég er hins vegar um það sannfærður að sem þjóð eigum við fram undan bjarta framtíð. En þá er líka grundvallaratriði að við látum ekki telja úr okkur kjarkinn.

Vitaskuld þurfum við að huga að stöðu okkar í hinum stóra heimi og skipa okkur þar í sveit sem best þjónar hagsmunum Íslands alveg eins og aðrar þjóðir gera. Sjálfur hef ég t.d. efasemdir um að aðild að Evrópusambandinu sé best til þessa fallin. Leiðarahöfundur Fréttablaðsins er á öðru máli. Hann staðnæmist við heimasíðu mína með miklum meiningum.

Á þessa sömu heimasíðu barst mér nýlega bréf þar sem sú hugmynd er reifuð að Íslendingar líti sér nær; horfi til samstarfs við Grænlendinga, Færeyinga, Skota og Norðmenn í stað þess að láta nauðhyggjuna teyma okkur suður til Brussel í Belgíu. Bréfritari segir að í framtíðinni horfi menn til víðerna, auðvæva undir sjávarbotni – olíunnar. Hvers vegna skyldu Íslendingar eiga að afsala sér ákvörðunarvaldi yfir stefnumótun um nýtingu Norðurslóðanna til 27. hæðar í byggingu ESB í Brussel?

Að lokum þetta um leiðaraskrif Jóns Kaldal ritstjóra: Það fátæklega stílbragð að nýta sér ógæfu einstaklings vestur á fjörðum og tengja við umfjöllun á heimasíðu minni læt ég liggja milli hluta. Í því pólitíska glímubragði er fólginn djúpur dómgreindarskortur. Ég vona að sú stund renni upp að Fréttablaðið vaxi úr grasi og læri að greina á milli hismis og kjarna.

*Höfundur er heilbrigðisráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**SKEMMTIGÖNGUR** með sögulegu ívafi eru í boði í Stykkishólmi alla laugardaga í sumar. Gengið er frá Íþróttamiðstöðinni klukkan 10. Gangan tekur eina til eina og hálfa klukkustund. Þátttökugjald er 300 krónur.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447















Gígja telur mikilvægt að menn hugsi vel um sig til að viðhalda góðri heilsu fram á efri ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skynsemin að leiðarljósi

**Gígja Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð, hugar vel að heilsunni. Í sumar eru göngutúrar og hjólreiðatúrar efst á dagskrá auk bootcamp sem hún er nýfarin að stunda af krafti.**

„Ætli ég geri nú bara ekki sitt lítið af hverju til að halda heilsunni í lagi," segir Gígja Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð, innt eftir því hvernig hún hugi helst að heilsunni. „Til að mynda legg ég mikla áherslu á að fá góðan nætursvefn og borða hollan mat yfir daginn samkvæmt ráðleggingum, þótt það gangi nú reyndar misvel," segir hún og hlær.

Gígja upplýsir blaðamann jafnframt um að hún hreyfi sig reglulega, minnst þrjátíu mínútur hvern dag. „Ég geng eða hjóla, það er minn helsti ferðamáti um þessar mundir," segir hún. Í sumar bættist bootcamp síðan við á stundaskrána. „Mér líst vel á bootcamp. Þetta eru reyndar ansi strembnar æfingar en ég finn alveg hvernig getan er smám saman að aukast; maður er að færast nær því sem maður var að gera í gamla daga," segir hún og á þar við júdó sem hún æfði um árabil. „Ég æfði með Ármanni framan af og á nokkra Íslandsmeistaratitla. Ég er þó alls ekki hætt, eigum við ekki að segja að ég sé frekar í góðri pásu. Ég ætla ekki að loka á þetta og fylgist með."

Þá segist Gígja reyna að nota tímann í sumar til að flétta saman hreyfingu og félagsskap. „Mér finnst bara um að gera að fara til dæmis í góðan göngutúr, hjólaferð eða sund með vinum og vandamönnum. Nýta tímann til að ferðast innanlands og njóta alls sem náttúran hefur upp á að bjóða; þá ekki aðeins á sumrin heldur allt árið um kring."

Gígja segir þó nauðsynlegt að setja sér alltaf raunhæf markmið. „Maður á að keppa við sjálfan sig og auðvitað vera skynsamur. Stundum er það svo þegar menn eldast að hugurinn vill vera á undan líkamanum. Með því að hugsa vel um okkur getum við viðhaldið góðri heilsu fram á efri ár. Það er algjört lykilatriði að mínu mati að hafa skynsemina að leiðarljósi og gera sitt besta hverju sinni, eins klisjukennt og það kann að hljóma."

*roald@frettabladid.is*




**REYKJAVÍKURMARAÞON ÍSLANDSBANKA** fer fram í miðborg Reykjavíkur 22. ágúst næstkomandi. Helstu upplýsingar um hlaupið er að finna á www.marathon.is þar sem hægt er að skrá sig.

























Björn segir að þrír sjúklingar hafi gengist undir aðgerðina í sumar en eftir er að ákveða hvenær næsti hópur verður tekinn fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Flytja lækni til Íslands

**Landspítalinn og Sjúkratryggingar Íslands gerðu nýverið með sér samkomulag um bætta þjónustu við Parkinson-sjúklinga. Íslenskur sérfræðingur verður fluttur inn frá Svíþjóð til að framkvæma aðgerðir.**

„Við flytjum þjónustuna heim til Íslands. Við fengum íslenskan lækni, Hjálmar Bjartmarz, frá Svíþjóð til að koma og framkvæma aðgerðirnar hérna," segir Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga hjá Landspítalanum, spurður út í nýlegt samkomulag Landspítala og Sjúkratrygginga Íslands um bætta þjónustu við sjúklinga með Parkinson-veiki.

Aðgerðirnar eru framkvæmdar á Parkinson-sjúklingum sem verst eru farnir af skjálfta og lyf eru hætt að virka á. Áður en samkomulagið var undirritað fóru þeir utan að leita sér læknisaðstoðar. „Óljóst er hversu margir þannig sjúklingar eru á Íslandi en þörfin hefur verið þrír til fimm á ári síðustu ár. Það getur verið að þeim fjölgi, við vitum það ekki," upplýsir Björn, og bætir við að nú þegar hafi þrír sjúklingar gengist undir aðgerð í sumar en stefnt er að því að fimm gangist undir hana á ári.

Björn segir að aðgerðin fari þannig fram að rafskaut er grætt í heila sjúklingsins og það tengt rafhlöðu undir húð og á það að minnka skjálftann. „Við áttum öll tæki og sérfræðinga fyrir þessar aðgerðir. Við höfum hægt og sígandi verið að flytja inn sumar aðgerðir til Íslands. Rétt undir hundrað manns á ári fara utan til að leita sér læknisaðstoðar vegna þess að þjónustan er svo sérhæfð að hún er ekki veitt hér á landi.



Steingrímur Ari telur samninginn góðan í alla staði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við höfum aukið framboð aðgerða með því að fá hingað lækna. Við erum að reyna að minnka útflutning á Íslendingum."

Stuðlar samkomulagið að auknu aðgengi Íslendinga að aðgerðunum? „Nei, það hefur ekki mikil áhrif á aðgengið en ákveðin þekking flyst til Íslands. Þægilegra er fyrir sjúklinginn og fjölskyldu hans að vera í nærumhverfi sínu."

Hvernig snýr samkomulagið að Sjúkratryggingum Íslands? „Ef ekki væri boðið upp á þessa þjónustu hér myndu Sjúkratryggingar greiða fyrir þjónustuna erlendis og taka þátt í kostnaði við ferðir fram og til baka. Við hoppuðum til þegar gafst færi á því að bjóða upp á aðgerðirnar á Landspítalanum," segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.

„Við teljum að samningurinn sé í alla staði af hinu góða," segir Steingrímur. „Bæði er þetta til þæginda fyrir Parkinson-sjúklingana og jafnframt er þetta ódýrari lausn heldur en að borga fyrir þjónustuna erlendis."

*martaf@frettabladid.is*




# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚLÍ 2009

## Bensín eða dísil?

**Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, ber saman ársrekstur á bensín- og dísilbíl af sömu gerð.**

SÍÐA 3.






FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ**

**DALVEGI 16a**

Í tilefni af flutningunum veitum við 25% afslátt af vinnuliðum út júní.

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.






Shell HELIX




Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is



Hjónin eiga hjól í stíl við bílinn og fara oft í styttri ferðir út frá áningarstöðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sannkallað heimili á hjólum.



Bíllinn er af gerðinni Land Rover 101 og var áður í eigu breska hersins.



Bíllinn heitir í höfðuðið á Agli Skallagrímssyni.



Bíllinn er appelínugulur jafnt að innan sem utan og ætti ekki að fara fram hjá neinum.

BIFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

# Ferðast bara til Íslands

**Þýsk hjón hafa eingöngu ferðast til Íslands frá árinu 1993 og aka nú um landið á Land Rover-jeppa sem á sér fáar hliðstæður.**

Hjónin Alex og Siglinde Hornunt, sem eru búsett rétt fyrir utan München í Suður-Þýskalandi, hafa komið til Íslands á hverju ári síðan 1993 og hafa frá því herrans ári eytt öllum sínum fríum hér á landi.

Þau hafa lengst af ferðast um landið á Land Rover og í fyrra festu þau kaup á gömlum Land Rover 101 sem áður var í eigu breska hersins og hafa innréttað hann sem heimili. „Við höfum komið hingað að vori, sumri, hausti og vetri og stundum nokkrum sinnum á ári,“ segir Alex sem hefur varla tölu á ferðunum. „Í fyrstu vorum við mjög upptekin af því að skoða alla helstu ferðamannastaði landsins en í dag gerum við bara það sem okkur langar til enda að verða búin að fínkemba landið.“

Alex hefur enga sérstaka skýringu á því hvers vegna þau hjónin féllu svona kylliflöt fyrir Íslandi. „Þetta bara gerðist. Við höfðum ferðast mjög mikið um heiminn en þegar við komum hingað fannst okkur við finna okkar stað í tilverunni og höfum ekki ferðast til annarra landa síðan. Í seinni tíð höfum við bæði átt frí að sumri og hausti og komum því stundum nokkrum sinnum á ári,“ upplýsir Alex en hann starfar við Háskólann í München og Siglinde, sem jafnan er kölluð Sigga, hjá þýsku tryggingarfyrirtæki.

Fyrstu árin komu hjónin til landsins með Norrænu en fljótlega fór þeim að finnast sá ferðamáti tímafrekur enda vildu þau engan tíma missa á Íslandi. Við komumst svo að því að hægt var að senda bílinn á undan með Eimskip og fljúga sjálf og þó að það sé dýrara þá er það hverrar krónu virði.“

Þau hjónin hafa að vonum eignast marga vini hér á landi og hafa meðal annars tekið þátt í félagsskap Icelandrover sem skipaður er Land Rover-eigendum. Alex segir þau hafa náð þó nokkrum tökum á íslensku enda samtals búin að dvelja hér í um tvö ár. „Við getum lesið blöðin, skilið einfaldar samræður og bjargað okkur í búðum en erum þó ekki fær um að taka þátt í mjög djúpum pólitískum umræðum,“ segir hann og hlær.

Hjónin virðast hins vegar hafa lesið sér til um sögu lands og þjóðar því tryllitæki þeirra heitir eftir engum öðrum en Agli Skallagrímssyni. Það kemur þó reyndar að mestu til út af appelsínugula litnum sem prýðir það bæði að innan og utan. „Land Roverbílar eru sérstakir og hver hefur sína sál. Þess vegna þykir við hæfi að gefa þeim nafn og þegar konan mín var að svala sér á Egils appelsíni einhvern daginn tók hún eftir því að það var eins á litinn og bíllinn og þótti því sjálfgefið að gefa honum nafnið Egill.“ *- ve*

**Allt á einum stað**

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ



**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
vísir.is

# Hyundai áreiðanlegasti bíllinn

Hyundai er samkvæmt nýlegri gæðakönnun J. D. Power and Associates áreiðanlegasta bíltegundin ef frá eru taldir lúxusbílar. Samkvæmt könnuninni upplifðu eigendur Hyundai færri bilanir í sínum bílum en nokkrir aðrir bíleigendur.

Því til viðbótar lenti Hyundai Elantra í fyrsta sæti í sínum stærðar- og verðflokki. Þetta er í annað skipti á síðustu fjórum árum sem Hyundai hreppir hnossið í sínum verð- og stærðarflokki sem undanskilur lúxusbíla.

Í gæðakönnunum J. D. Power eru allt að 228 mismunandi atriði könnuð, þar með talin upplifun við akstur og hvernig vél og gírkassi hafa reynst. *- ve*





Þetta er í annað skipti á síðustu fjórum árum sem Hyundai hreppir hnossið í sínum verð- og stærðarflokki sem undanskilur lúxusbíla.

# Dísilbíll eyðir minna

**Dísilbíll eyðir minna eldsneyti en bensínbíll, samkvæmt útreikningum Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra FÍB, sem gerði samanburð á ársrekstri bensín- og dísilbíls af sömu gerð.**



**Það er gott fyrir sálina að vera á dísilbíl því þeir menga minna en bensínbílar að sögn Runólfs.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég valdi af handahófi meðalstóran fjölskyldubíl, Ford Focus, því hann er bæði til fyrir bensín og dísil, og bar saman rekstrarkostnaðinn í eitt ár. Dísilbíllinn er 200 þúsund krónum dýrari í innkaupum hjá umboðinu en á móti kemur að hann eyðir 4,5 lítrum af gasolíu á hundraðið í blönduðum akstri en bensínbíllinn 6,7 og það munar 30 prósent. Þessi 200 þúsund kall er því ekki lengi að vinnast upp,“ segir Runólfur og bendir á að 247 þúsund krónur fari í eldsneyti á bensínbílinn á ári á móti tæpum 160 þúsundum í dísilbílinn. Þá sé miðað við 20.000 kílómetra keyrslu og þá eyðslu sem umboðið gefur upp fyrir blandaðan akstur og að ofan er nefnd.

„En fólk nær ekki meðaleyðslu á venjulegum bíl niður í 4,5 og 6,7 lítra hér á landi á ársgrundvelli,“ tekur Runólfur fram. „Veturnir eru það kaldir og þá eykst eldsneytiseyðslan. Obbinn af allri keyrslu er líka fimm til sjö kílómetra spottar og þá er verið að keyra bílinn meira og minna kaldan. Ég tala ekki um þegar ekið er innan höfuðborgarsvæðisins, þá er svo oft verið að draga þessi tólf hundruð kíló á milli ljósa frá 0 hraða og upp úr. Þannig að eðlisfræðin vinnur gegn okkur þar.“

Spurður hvort dísilbíllinn sé þyngri í akstri en bensínbíllinn svarar Runólfur: „Dísilhreyfillinn er 75 kílóum þyngri, 1.125 á móti 1.200. Dísilbíllinn er færri hestöfl en hann er samt sneggri upp, kemst hraðar og má draga þyngri vagn því togkrafturinn er meiri, dísilvélin er þannig byggð upp. Þegar verið er að draga húsvagna eða slíkt þá er kostur að vera á dísilbíl.“

Hann segir það líka gott fyrir sálina að vera á dísilbílum því minni koltvísýringur fari úr þeim í andrúmsloftið en bensínbílum. „Þó að Ford Focus sé venjulegur fimm manna fjölskyldubíll þá uppfyllir hann hinar grænu kröfur Reykjavíkurborgar þannig að hann fær frítt í bílastæði,“ tekur hann fram. En af hverju keyra Íslendingar svona mikið á bensínbílum úr því kostir dísilbílanna virðast yfirgnæfandi? „Um tíma var minna úrval af dísilbílum hér og þeir hafa verið dýrari í innkaupum. En í Evrópu er mikil dísilvæðing og þar hefur þróunin verið sú að dísilbílar hafa haldið betur verðgildi sínu þannig að hærra innkaupsverð hefur skilað sér í endursöluverðinu.“ *- gun*

## REKSTURSKOSTNAÐUR BIFREIÐA - JÚLÍ 2009

**Útreikningar FÍB miðast við nýja bifreið**

| | Bensín | Dísil |
|---|---|---|
| Verðflokkur (kr) | 3.920.000 | 4.120.000 |
| Þyngd (kg) | 1125 | 1200 |
| Eyðsla (l/100 km) | 6,7 | 4,5 |
| Tryggingaflokkur | 2 | 2 |
| Eignarár | 5 | 5 |
| Akstur á ári (km) | 20000 | 20000 |
| **A: Kostnaður vegna notkunar** | | |
| Bensín 184,80 kr/l, dísilolía 177,60 kr/l | 247.632 | 159.840 |
| Viðhald og viðgerðir | 170.000 | 176.000 |
| Hjólbarðar | 62.000 | 62.000 |
| Kostnaður á ári | 479.632 | 397.840 |
| Kostnaður á km | 23,98 | 19,89 |
| **B: Tryggingar, skattar og skoðun** | | |
| Tryggingar | 145.000 | 145.000 |
| Skattar og skoðun | 23.450 | 25.160 |
| Kostnaður á ári | 168.450 | 170.160 |
| Kostnaður á km | 8,42 | 8,51 |
| A+B á km | 32,40 | 28,40 |
| **C: Bílastæði og þrif** | | |
| A+B+C á km | 33,87 | 29,87 |
| **D: Verðrýrnun** | | |
| Verðrýrnun/ári (%) | 13 | 13 |
| Verðrýrnun/ári (kr) | 509.600 | 535.600 |
| Kostnaður á km | 25,48 | 26,78 |
| A+B+C+D á km | 59,35 | 56,65 |
| **E: Fjármagnskostnaður** | | |
| Vaxtakostnaður 7% | 185.220 | 194.670 |
| Kostnaður á km | 9,26 | 9,73 |
| **Samtals heildarkostnaður yfir 1 ár** | | |
| Heildarkostn. á ári | 1.372.302 | 1.327.670 |
| Heildarkostn. á km | 68,62 | 66,38 |

Þessi útreikningur getur átt við um bíl eins og Ford Focus Trend eða sambærilegan fjölskyldubíl.

# Hægt að leggja frá hlið

„Ég er alveg á kafi þessa dagana, hlutirnir hafa verið að gerast gríðarlega hratt,“ segir Ingólfur Harðarson, sem er að hanna nýjan undirvagn fyrir rafmagnsbíla sem vakið hefur eftirtekt. Hugmyndina fékk hann haustið 2007 en hjólin fóru fyrst að snúast þegar hann skráði sig í nám hjá Viðskiptasmiðjunni í vor.

„Þetta er fimm hjóla undirvagn þar sem miðhjólið er drifhjólið og stjórnar hinum hjólunum. Grindin á vagninum er gerð úr áli og léttum, sterkum plastefnum. Fólk undrast það hve einfaldur vagninn er og að þetta skuli ekki hafa verið gert fyrr, en það er oft einfaldleikinn sem vefst fyrir fólki,“ segir Ingólfur, sem er kominn með einkaleyfi á hönnun sína.



**Ingólfur er að hanna undirvagn fyrir rafmagnsbíla.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég ákvað að velja rafmagnið út af stýrileikanum, það er auðveldara að aðlaga hann að rafmagninu heldur en að bensínbíl. Rafmagn er þægilegt og umhverfisvænt, það eru engir vökvar sem stýra hlutunum,“ segir hann og bætir við að bíll með þessari grind muni henta vel innan borgarmarka.

„Svona bíll er þægilegur í þröngum götum. Hann hefur líka þá sérstöðu að geta komist í og úr stæði frá hlið. En það hentar líka vel ef einhver hefur lagt fyrir aftan mann,“ bendir Ingólfur á.

Á vefsíðunni www.netvarpid.is er að finna myndband sem sýnir virkni vagnsins. *- hds*





**Undirvagninn er hannaður sérstaklega fyrir rafmagnsbíla. Ingólfur segir ástæðuna vera þá að auðveldara sé að laga undirvagninn að slíkum bifreiðum.**





Með nokkrum einföldum ráðum geta bifreiðaeigendur sparað eldsneyti.

# Aðferð til að spara peninga

Sparakstur er góð aðferð til að spara eldsneyti og peninga. Hér fylgja nokkur ráð sem einfalt er að tileinka sér.

1. Horfðu fram á veginn og fylgstu með næstu ljósum. Ef augljóst er að þú þarft að stoppa, stígðu lausar á bensíngjöf eða taktu fótinn af ef hægt er. Þá er einnig sniðugt að láta bílinn renna í brekkum.
2. Fylgstu vel með gírkassanum og passaðu upp á að vera alltaf í viðeigandi gír. Ekki er gott að fara yfir 2000 snúninga.
3. Forðastu að nota loftkælingu, sætishitara og aðra hitara í miklum mæli því þeir auka eyðsluna um 10 prósent.
4. Passaðu upp á loftþrýsting í dekkjum. Lin dekk auka eyðslu því vegviðnám þeirra er lægra en hjá hörðum dekkjum.

*- hds*



Félag húsbílaeigenda stendur fyrir fjölda húsbílaferða frá vori og fram á haust.

# Húsbílar í einni halarófu

Um 2.300 húsbílar voru skráðir hér á landi árið 2008 og má nærri geta að þeim hafi fjölgað síðan þá enda margir sem hafa kosið að ferðast innanlands í sumar. Húsbílaeign fylgir ákveðinn lífsstíll og eiga húsbílaeigendur margt sameiginlegt.

Félag húsbílaeigenda er vettvangur fyrir þá sem ekki eingöngu vilja ferðast með fjölskylduna í farteskinu heldur einnig í félagi við aðra. Tilgangur félagsins er nefnilega að ferðast um landið í skipulögðum ferðum, stuðla að landkynningu á meðal félagsmanna, standa vörð um hagsmuni húsbílaeigenda og efla kynni þeirra á milli.

Félagið stendur fyrir fjölda ferða frá vori og fram á haust en í ágúst verður haldið á Stokkseyri og Arnarstapa og í september til Sandgerðis. Á heimasíðu félagsins www.husbill.is er að finna nánari ferðaáætlun, upplýsingar um tjaldstæði og ýmislegt fleira.

*- ve*

# Nýtt kort fyrir GPS-tæki

Nýlega kom út nýtt Íslandskort fyrir GPS-tæki. Ríkarður Sigmundsson, framkvæmdastjóri RS import, umboðsaðila Garmin á Íslandi, veit allt um þau. „Í því eru lagfæringar sem Vegagerðin hefur gert. Staðarskáli var til dæmis kominn út í mýri. Það er áþreifanleg breyting á nýja kortinu, en mikið er um svoleiðis breytingar.“

Ríkarður segir að fleiri slóðar séu á hálendinu og leyfilegur hámarkshraði sé sýndur á kortinu. „Fólk hefur enga afsökun lengur að vita ekki hver hámarkshraðinn er,“ segir Ríkarður en eitt og hálft ár er síðan síðasta GPS-Íslandskort var gefið út.

„Nú er komið tæki sem heitir GPS map 620,“ segir Ríkarður inntur eftir nýjustu tækni í GPS-tækjum. „Hægt er að breyta þannig að þegar þú ert uppi á jökli þá stillirðu það sem bátatæki, það er eins og þú sért úti á sjó, og á malbikinu ýtirðu á annan takka sem gerir það að leiðsögutæki. Hingað til hafa jeppakarlar þurft tvö tæki, eitt uppi á jökli og annað innanbæjar.“

*- mmf*



Ríkarður segir að nýtt Íslandskort fyrir GPS-tæki sé komið út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# KEYPT & SELT

## Til sölu

STEYPUSTÖÐIN

**Staurasteypa**
Tilbúin múrblanda í 25 kg. pokum Tilboðsverð: kr. 795 m/vsk Upplýsingar í síma 4-400-500 Steypustöðin ehf - múrverslun Malarhöfða 10, Reykjavík.

**Second Hand verslunin Marilyn Monroe**
**Opið frá kl. 13 - 17.30 alla virka daga.**

**Úrval af notuðum og nýjum herra- og dömufatnaði á góðu verði.**

**Skór, töskur, slæður ofl. Marylin Monroe, Starmýri 2. (gengið inn frá Álftamýri) s. 866 9747.**




SpaceBags lofttæmingarpokarnir eru komnir! www.vt24.is s. 517 3030.




Ísskápur á 8þ. Þvottavél á 10-20þ. Þurrkari á 15þ. Eldavél á 8þ. Bakaraofn á 10þ. 28 tv á 8þ. Tölva á 10þ. 15" Tölvuskjár á 8þ. Borðstofuborð á 10þ. Leðurstóll á 5þ. Bílageislasp. á 5þ. Barnakerra á 4þ. S:896 8568.

Til sölu 2 snyrtilegir 20 feta kæli/frystigámar vel farnir. Uppl. í S. 892 2033.

KERRA TIL SÖLU. Stór og sterkbyggð 3,20 x 1,40m með sturtu mögul. Uppl. 892 0667.

DRÍFA Sérsmíðað listaverk Jóns Björnss. í sérhönnuðu leðurhulstri til sölu. Sem ný. Tilboð óskast. Uppl. í s. 461 4917/898 7347.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

Óska eftir expresso kaffivél fyrir lítið. Uppl. s. 771 7743.

**Gámur óskast**
Vantar 10ft. gám, helst einangraðan. s. 897 6048 - Gunnar.

## Heimilistæki

Óska eftir að kaupa LTK lofthreinsitæki á sanngjörnu verði.Upplýsingar á gudmundurvi@gmail.com

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



ÚTSÖLUVERÐ MÍNUS VSK! 20% AUKAAFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVERÐI ÚT ÞESSA VIKU. EMILÍA BLÁU HÚSIN FAXAFENI CLAMAL.IS

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**ALNUDD - TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-

slökunarnudd,Svæðanudd, sjúkranudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Pantanir í S. 445 5000.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**Enska fyrir börn**
**ANGIELSKI dle Polokòw**
**Icelandic**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 13-14:30, start: 4/8. Level II: 4w Md to Frd 18-19:30 st. 4/8. Level III: 4w. Md to Fr 10-11:30 st 4/8. Level IV: 4 w. Md to Fr 20-21:30; st: 4/8. ENSKA f. börn: 2 vikur: 5-8 ára: Md-Fös 10:00-11:00. 9-12 ára; 11:15-12:15: 4/8, 17/8. ANGIELSKI dla POLOKÓW: start 4/8: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 19:45-21:15. Ármúli 5, s.5881169. Fullorðinsfræðslan, www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Óska eftir að kaupa búslóðir, dánarbú eða lagera. Stórt og smátt. Staðgreiðsla. Uppl. Andrés 772 0202.

## Dýrahald

dyrabaer.is
Ný vefverslun

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Balereseyjunni Menorca (við hliðina á Mallorca). www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

Sjóstöng. Komdu og veiddu í soðið með okkur. Nýr bátur og allur búnaður til staðar. Förum frá Reykjavíkurhöfn alla daga. S:892-0099.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga**

**/ Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Óska eftir stúdíó íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 45þús. Uppl. s. 891 7660.

26 fm sérh. m. húsg. á seltj.nesi. Smáv. eld.aðstaða. fr. reglusama og reyklausa stúlku. Óskað 3 klst. húsþrif á viku leiga 15 þús. á mán. uppl. sendist á e-mail gsverris@gmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

40fm stúdióíb. í Hjallahv. í KÓP m/öllu. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í S. 848 9847.

Gott herb. í kjallara í raðhúsi í Árbæ. f. ungan karlmann. Leiga 30þ. s. 895-4606.

70 fm íbúð á svæði 104 til leigu. Uppl. s. 771 7743.

Lítil studíó - Miðb. Rvk. húsg. fylgja. leiga 60þ. með hússjóð. Uppl. í síma 895 0497 e.kl.10 eða 16.30.

10 fm. herbergi 29 þús. og 15 fm 35 þús. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

Meðleigjandi 101 miðborg í 4 herb. 110fm. íbúð. Húsg. Öll þægindi. Uppl. s. 662 0993.

ROOMS FOR RENT WITH FURNITURE IN 109 BREIÐHOLT AND IN 111 BREIÐHOLT 8973611

2 herb. 50 fm íbúð á 2. hæð Skúlagötu til leigu frá 1. ágúst. Uppl. í s. 698 8698.

## Húsnæði óskast

Pottþéttir leigendur: Reglusöm hjón m/eitt barn og öruggan fjárhag óska eftir 3-4 herb íbúð á höfuðbsv. Uppl: 893-3815.

Íbúð óskast til leigu í vesturbæ Kópavogs. Reglus. og skilv. greiðslum heitið. Uppl. í s. 696 2886.

## Húsnæði til sölu

Góð kaup! Raðhús 150fm, auk 25fm bílsk. í HFJ. Möguleg skipti á minni íbúð. Uppl. í S 695 1095 / 891 6768.

## Sumarbústaðir



Til sölu nýlegt fullbúið sumarhús ca.100 m2 á mjög fallegum útsýnisstað í Úthlíð, Biskupstungum. Bústaðurinn er byggður árið 2007, á steyptri plötu, flísalagður með hita í gólfum. Tvö stór svefnherbergi og svefnloft, hitaveita, lítilsháttar frágangur eftir. Aðeins ca. klst. akstur frá Rvk. Bústaðurinn selst á kr. 17.5m stgr. Uppl. í s.861-0402 e-mail bygg@internet.is

Verslunarmannah. laus. Stórt sumarh. til leigu nærri Rvík . Uppl. í s. 844 6721.

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Uppl. seydisfjordur@hotmail.com & 895 4948 & 846 1206.

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðar- íbúðarhúsnæði**
Á Bíldshöfða. 100 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð og 100 fm góð íbúð á efri hæð. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 892 2722.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyrir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kringluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pósthúsið

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Við leitum eftir aðilum til samstarfs í ýmsum dreifingarverkefnum 1-2 í viku á eftirfarandi svæðum : Keflavík - Grindavík - Garður - Akranes - Sauðárkrókur - Hvammstangi. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is

Sala GRILL

Óska eftir kraftmiklum og heiðarlegum starfskrafti 30+ í 50% starf í afgreiðslu og matreiðslu, verður að vera íslenskumælandi. Upplýsingar í síma 897 4433 Berglind.

Matvælafyrirtæki óskar eftir vélfræðingi eða manni með góða þekkingu á vélum. Viðkomandi á að sjá um viðhald véla og önnur tilfallandi störf, þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa ensku kunnáttu. Umsóknum skal skila f. 10.ágúst inná gottstarf@visir.is.

Sandblástur-málun. Okkur vantar duglegan sandblásara til reynslu í einn mánuð. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila. Guðni s. 896 6758 eða senda umsókn á fjarhagur@fjarhagur.is

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Vantar 10&12mm kambstál, hvítt 3" einangrunarplast og sement í skiptum fyrir rimlahlið, gangstéttarhellur og Case 485 dráttarvél m/ tæki. Uppl. í S. 894 7664.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Frábær ný upptaka**
Ung kona fer í nudd til annarrar konu. Frásögnin er ákaflega næm og persónuleg og seinasti hluti upptökunnar er svo „innilegur" að það er unun á að hlýða. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8530.

## Fasteignir

# Vantar Sumarhús

Vantar glæsilegt sumarhús fyrir ákveðin kaupanda á góðum stað í Borgafirð, Skorradal, helst nýlegt. Eingöngu kemur til greina fyrsta flokks hús með góðri staðsettningu. Staðgreiðsla í boði.

# Vantar Einbýli

Vantar gott einbýlishús í smáíbúðarhverfi í Reykjavík með lítilli auka íbúð fyrir ákveðin kaupanda.

# Vantar Raðhús

Vantar gott lítið raðhús við Ásgarð, Réttarholtsveg, Tunguveg í Reykjavík fyrir ákveðin kaupanda.

**Nánar upplýsingar í síma 561 3131 og 893 6363**

*Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.*

**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR ER 27 ÁRA.**

*„Þetta snýst bara um að sleppa af sér beislinu því leiklist er engar heilaskurðlækningar.“*

***Ágústa Eva Erlendsdóttir er leik- og söngkona. Hún hefur meðal annars leikið í kvikmyndinni Mýrin og túlkað persónuna Silvíu Nótt með eftirminnilegum hætti.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. JÚLÍ 1962

## *Kópavogsfundurinn haldinn*



Kópavogsfundurinn var haldinn á Kópavogsþingi á þessum degi árið 1662. Markmiðið með honum var að fá Íslendinga til að samþykkja erfðaeinveldi Danakonungs.

Henrik Bjelke, aðmíráll og fulltrúi konungs, kom til Íslands á fund í Kópavogi til þess að fá íslenska höfðingja til að undirrita erfðahyllinguna. Aðdragandinn var sá að Friðrik III. vildi koma á erfðaeinveldi að evrópskri fyrirmynd þar sem konungsvaldið gengi sjálfkrafa í arf, í stað þess að fulltrúar þjóða sem tilheyrðu Danaveldi samþykktu hann.

Ýmsum sögum fer af undirritun samningsins og eru sumar á þann veg að Bjelke hafi með hótunum neytt Íslendinga til að samþykkja samninginn. Hvernig sem að því var staðið var samningurinn undirritaður og afleiðingarnar þær að lög sem konungur setti hlutu sjálfkrafa gildi án sérstaks samþykkis Alþingis Íslendinga. Gilti erfðaeinveldið allt til ársins 1874 þegar Íslendingar fengu stjórnarskrá.

Heimild: wikipedia.org

**MERKISATBURÐIR**

**1895** Brú vígð á Þjórsá við Þjótanda að viðstöddu fjölmenni.

**1934** Stjórn hinna vinnandi stétta tekur til starfa á Íslandi.

**1957** Kirkja vígð í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og nefnd Hallgrímskirkja, til minningar um sálmaskáldið og prestinn Hallgrím Pétursson, sem þjónaði þar síðustu áratugi sína í embætti.

**1960** Norðurlandaráð heldur þing sitt í fyrsta sinn á Íslandi. Ráðið var stofnað 1952.

**1974** Þjóðhátíð til minningar um 11 alda byggð á Íslandi haldin á Þingvöllum. Þangað streymir um fjórðungur þjóðarinnar.



## 50 ára afmæli

**Einar Bogi Sigurðsson**

er 50 ára í dag (28. júlí 2009). Í tilefni dagsins verður opið hús á heimili hans, Hvammsgerði 13, frá hádegi.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hekla Gestsdóttir**

Garðabraut 45, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 26. júlí. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.00.

**Hörður Júlíusson**
**Sigurlaug Jensey Skúladóttir** **Guðmundur Sigurdórsson**
**Sigurbjörg Helga Skúladóttir** **Kjartan Aðalsteinsson**
**Skúli Kristinn Skúlason** **Dagbjört Hannesdóttir**
**Ásgrímur Harðarson**
**Trausti Harðarson** **Elva Hrund Þórisdóttir**
**og barnabörn.**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Halldórsdóttir**

Kópavogsbraut 69, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju í dag kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Umhyggju - félag til styrktar langveikum börnum.

**Nanna Baldursdóttir** **Ólafur G. Sveinsson**
**Halldór Baldursson** **Margrét Snorradóttir**
**Ingibjörg Baldursdóttir**
**Guðmundur Baldursson** **Antonía Erlendsdóttir**
**Bragi Baldursson** **Guðrún Lísa Erlendsdóttir**
**Sigríður Baldursdóttir**
**Þorgrímur Baldursson** **Jenný G. Sigurbjörnsdóttir**
**Kristín Baldursdóttir**
**Friðrik Baldursson** **Erla Guðmundsdóttir**
**Ólafur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri faðir, sonur, bróðir og frændi,*

**Hartmann Pétursson**

Lágengi 21, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 13.30.

**Anton Óli Hartmannsson**
**Pétur Hartmannsson** **Jórunn E. Ingimundardóttir**
**Ingimundur Pétursson**
**Steinunn J. Pétursdóttir** **Jóhann Örn Kristjánsson**
**Pétur Hartmann Jóhannsson.**



**AUKIN AÐSÓKN** Eftir dræma þátttöku síðustu ár blómstrar nú Hjónaklúbbur Selfoss að nýju. Var þátttaka góð í göngu á Jónsmessu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

HJÓNAKLÚBBUR SELFOSS: ER 45 ÁRA Á ÁRINU

# Aftur vinsælt á pokaböllin

„Við höfum fundið fyrir aukinni aðsókn eftir fremur dræma þátttöku síðustu ár. Ætli það sé bara ekki vegna ástandsins í þjóðfélaginu; fólk vill verja meiri tíma saman og svo er líka ódýrt að vera meðlimur,“ segir Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir, ritari Hjónaklúbbs Selfoss, sem var stofnaður árið 1964. Klúbburinn er því 45 ára á árinu og þar af leiðandi einn elsti starfandi hjónaklúbbur á landinu. En út á hvað gengur starfsemin?

„Upphaflegt markmið Hjónaklúbbs Selfoss var að sjá meðlimunum fyrir heilbrigðu félags- og skemmtanalífi og að efla og styrkja menningarlega starfsemi Selfossbúa,“ segir Sesselja og bætir við að það hafi í raun ekki breyst. „Þetta er enn samveruklúbbur fyrir hjón á Selfossi, en nú einnig ætlaður sambýlisfólki og íbúum í nærliggjandi byggðarlögum. Gestir eru einnig hjartanlega velkomnir. Við erum því ekki nærri eins ströng á reglunum og hér á árum áður, sem voru meðal annars sett ar til að gæta fyllsta velsæmis.“

Frá upphafi hefur Hjónaklúbbur Selfoss staðið fyrir skipulögðum viðburðum, svo sem dansnámskeiðum, böllum og gönguferðum á Jónsmessu. Sesselja segir að áður fyrr hafi viðburðirnir verið svo vel sóttir að slegist hafi verið um miða á áramótadansleik klúbbsins og ekki allir komist að sem vildu. Í seinni tíð hafi þátttaka hins vegar verið dræm og dæmi um að áramótadansleikurinn hafi verið flautaður af. Nú virðist þjóðfélagsástandið hins vegar hafa hleypt nýju blóði í starfsemina.



**ALLIR ALDURSHÓPAR** Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir, ritari Hjónaklúbbsins á Selfossi, segir klúbbinn ætlaðan fólki á öllum aldri.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Já, við erum meira að segja farin að sjá aftur fólk sem var alveg hætt að mæta, eins og í göngunni á Jónsmessu,“ segir Sesselja kát í bragði, en meðlimir klúbbsins eru allt frá 25 ára og upp í áttrætt og félögum fer stöðugt fjölgandi. „Yngra fólk hefur ekki látið sjá sig, enda heldur það að við séum eintómir gamlingjar,“ bætir hún við og hlær.

Sesselja tekur fram að einnig hafi verið góð aðsókn á pokaballið svokallaða sem var endurvakið í maí eftir nokkurra ára hlé. „Þetta var um nokkurt skeið ein vinsælasta samkoman á okkar vegum, en lagðist af vegna lélegrar þátttöku,“ segir hún og útskýrir að heitið sé tilkomið vegna þess að á ballið mæti allir með eigið áfengi í poka. „Við ákváðum meðal annars vegna afmælisins að endurvekja ballið og það borgaði sig. Fólk dansaði langt fram eftir nóttu.“

Fram undan eru síðan ýmsir skipulagðir viðburðir á vegum klúbbsins, hugsanleg haustlitaferð eða -ball. Ekkert er þó niðurneglt að sögn Sesselju en óhætt að segja að einn elsti starfandi hjónaklúbbur landsins beiti heldur nýstárlegum aðferðum til að vekja á sér athygli. „Við erum komin á Facebook. Höfum sett tilkynningar í bæjarblöðin en þar sem ekki lesa allir þau álitum við Facebook fyrirtaks aðferð til að ná til fleiri. Og það hefur heldur betur sannað sig,“ segir hún, ánægð með góðar undirtektir.

roald@frettabladid.is

AFMÆLI



**MICHAEL CARRICK** knattspyrnumaður er 28 ára.



**SAGA GEIRDAL JÓNSDÓTTIR** leikkona er 61 árs.



**SIGURÐUR ÖRLYGSSON** myndlistarmaður er 64 ára.



# Sálmar og fleira

Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson munu syngja og spila í Kálfafellsstaðarkirkju í Suðursveit á morgun klukkan 14. Þessir sumartónleikar eru á Ólafsmessu á sumri en Kálfafellsstaðarkirkja er helguð Ólafi helga Noregskonungi sem tekinn var í dýrlingatölu eftir að hann féll í bardaga á Stiklastöðum 29. júlí árið 1030. Á efnisskránni eru sálmar í bland við þekkt lög sem Ellen hefur sungið í gegnum tíðina.

**TÓNELSK HJÓN** Ellen og Eyþór. Eyþór var sumarstrákur á Jaðri í Suðursveit þegar hann var strákur og sat við hlið Þórbergs og Margrétar í flugvélinni þegar hann kom í sveitina í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dagskráin byrjar með stuttri helgistund sem séra Einar G. Jónsson sóknarprestur annast og eftir tónlistarflutninginn verður farið í heimsókn að Völvuleiði sem er í grenndinni en völvan sem þar er grafin var, samkvæmt munnmælasögum, systir Ólafs helga.

Síðan er hægt að koma við í Þórbergssetri og njóta kaffiveitinga en tónleikarnir eru samstarfsverkefni Þórbergsseturs og Kálfafellsstaðarkirkju og styrktir af Menningarráði Austurlands.

Ferðafólk er hvatt til að nota tækifærið og njóta menningardagskrárinnar enda þykir Kálfafellsstaðarkirkja sérlega vel fallin til tónlistarflutnings.

# Merce Cunningham fallinn frá

Avant garde-hreyfihönnuðurinn Merce Cunningham lést á sunnudagskvöld. Cunningham fór sínar eigin leiðir og blés lífi í danslistina, um leið og hann veitti leikstjórum, dönsurum, hreyfihönnuðum og kvikmyndafólki um heim allan innblástur þá sex áratugi sem hann starfaði. Cunningham var níræður þegar hann dó.

Hann stofnaði Merce Cunningham Dance Company árið 1953 og starfaði með John Cage, Jasper Johns og Andy Warhol svo örfáir séu nefndir. Hann skilur eftir sig um 200 dansverk fyrir svið og filmu, sem þóttu brjóta blað í sögu dans, bæði hvað varðar stíl og vinnuaðferðir, auk danstækni sem kennd er við hann og er byggð á ballett og vinnu hans með lærimeistaranum Mörthu Graham.

Cunningham þjáðist af liðagigt en hélt áfram að vinna til dauðadags. Hann hafði mikinn áhuga á nútímatónlist og vann með Radiohead og Sigur Rós fyrir verkið Split Sides árið 2003, en báðar sveitir komu fram á frumsýningu verksins. Cunningham er annar dansfrömuðurinn sem lætur lífið á árinu, en Pina Bausch kvaddi dansheiminn 30. júní síðastliðinn.



**GOÐSÖGN Í LIFANDI LÍFI** Merce Cunningham braut blað í sögu dansins. NORDICPHOTOS/AFP

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Mikkalínu Finnbjörnsdóttur**

frá Efri Miðvík í Aðalvík, síðast til heimilis að Suðurgötu 17 í Sandgerði.

Starfsfólki og íbúum Garðvangs í Garði og Miðhúsa í Sandgerði er þakkað sérstaklega fyrir mikla vinsemd og hlýhug til Mikkalínu. Guð blessi ykkur öll.

**Ólafía Kristín Guðjónsdóttir** **Jón Norðfjörð**
**Finnbjörn Helgi Guðjónsson** **Sigurlaug Markúsdóttir**
**Einar Sigurður Guðjónsson** **Sigurbjörg Ólafsdóttir**
**Oddný Bergþóra Guðjónsdóttir** **Richard Henry Eckard**
**Helga Herborg Guðjónsdóttir** **Bolli Thor Valdimarsson**
**Helga Leona Friðjónsdóttir**
**Benóný Guðjónsson** **Ína Dóra Hjálmarsdóttir**
**Kristján Jóhann Guðjónsson** **Anna María Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Unnar Erlingur Björgólfsson**

Barðastöðum 7, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 22. júlí á Högnastöðum við Eskifjörð, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. júlí kl. 13.00.

**Jónína Jónsdóttir**
**Helga Kristín Unnarsdóttir** **Oddur Sigurðsson**
**Heiður Unnarsdóttir**
**Bjarki Unnarsson** **Dröfn Þórisdóttir**
**Björk Unnarsdóttir** **Bogi Nils Bogason**
**og barnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Björn Helgason**

Hæðargarði 24,

sem lést á líknardeild Landspítalans Landakoti laugardaginn 25. júlí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, föstudaginn 31. júlí kl. 13.00.

**Jóhanna Björg Hjaltadóttir**
**Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**Margrét Ólöf Björnsdóttir** **Kristján Þór Haraldsson**
**Helgi Björnsson**
**Haukur Björnsson** **Annemarieke Gerlofs**
**Ásta Björg Björnsdóttir** **Andrés Halldór Þórarinsson**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Erlendur Sigurðsson**

Skólatröð 3, Kópavogi,

andaðist laugardaginn 25. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svanborg Lýðsdóttir**
**Kristinn Erlendsson** **Jónína Þórunn Erlendsdóttir**
**Sigrún Erlendsdóttir** **Lýður Skúli Erlendsson**
**Guðrún Lísa Erlendsdóttir** **Erlendur Örn Erlendsson**
**Elísabet Erlendsdóttir** **Hrafnkell Erlendsson**
**Aðalheiður Erlendsdóttir**
**tengdabörn og fjölskyldur.**

---



*Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Sigurður Eiríksson**

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 13.00.

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Ásgeir Sigurðsson** **Arndís Kristjánsdóttir**
**Davíð Guðmundsson** **Hulddís Guðbrandsdóttir**
**Kolbrún Marín** **Róbert Dagur**
**Guðmundur Eiríksson**
**Kormákur Eiríksson**
**Sjöfn Helgadóttir.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Hólmfríður Jóhannesdóttir**

Asparfelli 8, Reykjavík,

sem lést 23. júlí verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á að láta minningarsjóð Seljahlíðar njóta þess.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Bjarni Thorarensen** **Sigríður Magnúsdóttir**
**Smári Thorarensen** **Steinunn Sigurjónsdóttir**
**Hallbjörg Thorarensen** **Óskar Elvar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Alúðarþakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Baldurs Jónssonar**

prófessors, Tómasarhaga 22, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala í Fossvogi fyrir góða umönnun.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Jón Baldursson** **Kristjana G. Eyþórsdóttir**
**Ólafur Baldursson** **Hulda Harðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,*

**Kolbrún Ólafsdóttir**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.00.

**Guðrún Ása Ásgrímsdóttir** **Ólafur Rúnar Árnason**
**Þröstur Ólafsson** **Inga Björk Gunnarsdóttir**
**Íris Ólafsdóttir** **Halldór Gunnar Vilhelmsson**
**Ólöf Karitas, Rakel Ósk, Aron Örn, Mikael Andri,**
**Guðný Ása og Ingi Rúnar.**

---



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Guðjónsson**

húsasmíðameistari, Hrafnistu Reykjavík,

lést á landspítalanum Fossvogi 25. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 31. júlí kl. 11.00.

**Gunnar Ómar Gunnarsson** **Bjarndís Arnardóttir**
**Salome Huld Gunnarsdóttir** **Hulda Þorgeirsdóttir**
**Ísabella Margrét Gunnarsdóttir** **Bjarni Guðjónsson**
**Emilía Sól Guðmundsdóttir** **Guðjón Guðjónsson**
**Patrekur Guðmundsson.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhann Ingimundarson**

Borgarnesi, áður til heimilis að Austurbrún 2, Reykjavík,

lést á Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi fimmtudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 29. júlí kl. 14.

**Geirlaug Jóhannsdóttir** **Stefán Sveinbjörnsson**
**Þórður Jóhannsson** **Aline N. Vigneron**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg systir mín,*

**Rúna Magnúsdóttir Schröder**

lést 12. júlí í Hamborg.

Þórarinn A. Magnússon.

sms - leikur
PRESSAN
www.pressan.is

9. HVER VINNUR!



VILTU VINNA FERÐ Á U2?

PRESSAN BÝÐUR Á U2 TÓNLEIKA Á WEMBLEY 15. ÁGÚST

SENDU INN SMS SKEYTIÐ
EST U2 Á NÚMERIÐ 1900
SVARAÐU EINNI SPURNINGU UM U2
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐINNI Á U2 TÓNLEIKA

VINNINGAR ERU MIÐAR Á TÓNLEIKA MEÐ U2
DVD MYNDIR · BÍÓMIÐAR · FULLT AF PEPSI
U2 GEISLADISKAR OG MARGT FLEIRA




Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
199 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu



NOKKUR ORÐ
**Sara McMahon**

# *Litla þorpið í miðbæ Reykjavíkur*

Ég bý í Þingholtunum og eitt af því sem mér þykir einkenna hverfið er þorpsstemningin sem þar ríkir; á horni Freyjugötu er fiskverslun upp á gamla mátann þar sem hægt er að kaupa plokkfisk, nætursaltaða ýsu og hrogn, á Bergstaðastræti er eitt elsta bakarí borgarinnar og þar til í vetur var enn kaupmaður á horni Þingholtsstrætis og Spítalastígs.



Húsin eru flest lítil, lágreist timburhús sem kúra hvert upp við annað, blá, rauð og græn og hafa í heila öld staðið af sér íslenska veðráttu. Þorpsstemningin verður enn yndislegri á sumrin þegar má sjá fólk dytta að görðum sínum eða sitja úti á tröppum með kaffibolla. Kettirnir spígspora um göturnar og ferðamenn doka við á hverju horni og munda stafrænu myndavélina. Það eina sem brýtur upp þennan rómantíska þorpsfíling eru drykkjulætin um helgar, en maður lokar bara svefnherbergisglugganum og lætur sig hafa það, það er hvort sem er búið að sópa burt öllum ummerkjum um næturgamanið áður en menn fara á fætur.

Síðan ég flutti inn í húsið mitt hefur staðið til að reisa fimm hæða hótel á reitnum á móti okkur. Nái það fram að ganga myndi það þýða að ég og nágrannar mínir myndum aldrei framar líta sól, í það minnsta ekki úr stofuglugganum. Það er óskiljanlegt af hverju græðgin þarf alltaf að vera fagurfræðinni yfirsterkari. Gatan sem ég bý við hefur staðið nær óbreytt frá því hún byggðist en nú er framtíð hennar ógnað vegna áforma ríks svæfingalæknis um að reisa hótel og á meðan hann situr og skipuleggur eyðilegginguna standa sum húsanna tóm og grotna niður. En sem betur fer ætla Þingholtsbúar að berjast á móti því við viljum halda í rómantíkina.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> **Allt um leiki gærkvöldsins á Vísi**

Fréttablaðið minnir á að umfjöllun um alla leiki Pepsi-deildar karla má finna á íþróttavef Vísis. Fréttablaðið mun sem fyrr sinna leikjum deildarinnar af fremstu getu en á Vísi má finna umfjöllun, viðtöl, tölfræði og einkunnir leikmanna og dómara úr hverjum leik, skömmu eftir að þeim lýkur hverju sinni. Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins er einnig á Vísi en þar er öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðalýsingu.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÁSMUNDUR ARNARSSON, ÞJÁLFARI FJÖLNIS:** TELUR AÐ BARÁTTAN MUNI STANDA FRAM Í SÍÐASTA LEIK

# *Það á að vera hiti og skap í mönnum á vellinum*

Hvorugur þjálfarana var sáttur við jafnteflið í Grindavík í gær þar sem Fjölnismenn voru í heimsókn í botnbaráttuslag. „Við náðum að komast yfir snemma og svo hefði Gunnar Már getað komið okkur tveimur mörkum yfir en skallaði beint á markvörðinn. Þar munaði litlu að við kæmumst í ansi góða stöðu,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn.

„Þeir voru mun meira með boltann en við áttum hættuleg skyndiupphlaup svo möguleikarnir voru alveg til staðar.

Ég hefði frekar þegið að taka þrjú stig en þetta er erfiður útivöllur,“ sagði Ásmundur. „Okkar barátta í þessari deild heldur áfram og ég hugsa að hún muni halda áfram fram í síðasta leik. Eitt stig er betra en ekkert og við höldum bara áfram að safna.“

Jónas Grani Garðarsson skoraði mark Fjölnis en hann var tekinn af velli seint í leiknum. Jónas lét óánægju sína bersýnilega í ljós og sparkaði meðal annars í boltapoka og varamannaskýlið áður en hann strunsaði í átt að búningsklefanum.



„Það er skap í Jónasi en ég veit ekki hvort hann var ósáttur við að hafa verið tekinn af velli eða ósáttur við spilamennskuna. Það á að vera hiti og skap í mönnum á vellinum,“ sagði Ásmundur sem sagðist ekki vera búinn að ræða þetta mál við Jónas.

Fjölnismenn náðu forystu strax á fjórðu mínútu eftir virkilega slæm varnarmistök heimamanna. Grindvíkingar voru meira með knöttinn í fyrri hálfleiknum og jöfnuðu verðskuldað eftir flotta stungusendingu Sveinbjarnar Jónassonar en þar var að verki Óli Baldur Bjarnason. Í seinni hálfleiknum var baráttan allsráðandi en hvorugu liðinu tókst að skora.

„Ég er ekki sáttur við að hafa bara fengið eitt stig, mér fannst við vera betra liðið í þessum leik og sköpuðum okkur meira,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari Grindavíkur.

„Á köflum lékum við mjög góðan fótbolta í kvöld og dreifðum boltanum vel á kantana. En við gefum andstæðingnum forskot enn og aftur og það er eitthvað sem þarf að laga. Menn voru samt að leggja sig alla fram og ef þetta heldur svona áfram hef ég litlar áhyggjur,“ sagði Lúkas Kostic. **- egm**

# Ánægður með spilamennskuna

## Fylkismenn skoruðu eftir 40 sekúndur og unnu 2-1 sigur á Fram í Árbænum í gær.

**FÓTBOLTI** Fylkismenn unnu 2-1 sigur á Fram í Árbænum í gær og eru í 3. sæti deildarinnar. Þetta var góð upphitun fyrir bikarleik liðanna en þau mætast í 8 liða úrslitum VISA-bikarsins á fimmtudaginn.

Leikurinn á Fylkisvellinum var ekki nema fjörutíu sekúndna gamall þegar Ingimundur Níels Óskarsson kom Fylkismönnum yfir með skalla eftir aukaspyrnu Kjartans Ágústs Breiðdal.

Ekki óskabyrjun Framara sem héldu þó haus og fengu nokkur færi á næstu mínútum en Fjalar Þorgeirsson var vandanum vaxinn í marki Fylkis.

Um miðjan hálfleikinn eða á 20. mínútu átti Pape Mamadou Faye góðan sprett inn í teig Fram og gaf fyrir en boltinn hafði viðkomu í hönd Auðuns Helgasonar og víti dæmt. Valur Fannar fór á punktinn og skoraði af öryggi.

Framarar voru meira með boltann það sem eftir lifði hálfleiks en náðu þó ekki að skora.

Þorvaldur Örlygsson hefur látið sína menn heyra það í hálfleik því þeir komu mun grimmari til leiks eftir leikhlé. Það var þó einn tindur sem þeir áttu erfitt með að klifa, sá tindur heitir Fjalar Þorgeirsson. Hann bjargaði sínum mönnum ítrekað með frábærri vörslu, eitt sinn í heimsklassa en þá átti Almarr Ormarsson fast skot niðri í hornið en Fjalar var eins og köttur í markinu og varði glæsilega. Fylkismenn áttu einnig ágætis færi en ramminn hefði mátt vera stærri þeirra vegna því oft munaði litlu að boltinn væri inni, en fór rétt fram hjá.

Á 90. mínútu náðu Framarar að komast yfir tindinn Fjalar þegar hann brá sér í skógarferð eftir hornspyrnu. Hinn ungi Guðmundur Magnússon skoraði með skalla og minnkaði muninn fyrir fram. Það dugði þó ekki til og sigur Fylkismanna staðreynd.

„Ég var ánægður með spilamennsku okkar á köflum,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkismanna.

„Framararnir voru mikið með boltann en þeir voru ekki að skapa sér neitt. Í raun hefðum við átt að nýta okkur betur hröðu sóknarnar okkar og setja fleiri mörk á þá.“



**ENN EITT MARKIÐ** Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis, skoraði annað mark sinna manna í gær. Hér sést hann í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hannes Þór Halldórsson, markvörður Framara, segir ótrúlegt að lið hans hafi ekki fengið neitt út úr leiknum. Hann var ekki sáttur við dómara leiksins Magnús Þórisson.

„Mér fannst halla á okkur í stórum atvikum. Heiðar [Geir Júlíusson] fullyrðir að hann hafi skotið beint í hendina á varnarmanni í seinni hálfleik en ekkert dæmt. Svo fáum við dæmt á okkur víti þegar það er engin hætta að skapast.“ **- shs**

### FYLKIR 2-1 FRAM

*1-0 Ingimundur Níels Óskarsson (1.)*
*2-0 Valur Fannar Gíslason, víti (21.)*
*2-1 Guðmundur Magnússon (90.)*

Fylkisvöllur, áhorf.: 1028
Magnús Þórisson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (6–7) |
| Varin skot | Fjalar 6 – Hannes 4 |
| Horn | 2–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–11 |
| Rangstöður | 3–3 |

**Fylkir 4–3–3 *Fjalar Þorgeirsson 8** - Andrés Már Jóhannesson 7, Kristján Valdimarsson 7, Ólafur Stígsson 7, Kjartan Ágúst Breiðdal 7 - Ingimundur Níels Óskarsson 7, Theódór Óskarsson 6 (78 Kjartan Baldvinsson -), Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Valur Fannar Gíslason 6 - Halldór Arnar Hilmisson 6 (82 Davíð Þór Ásbjörnsson -), Pape Mamadou Faye 6 (68. Albert Brynjar Ingason 5)

**Fram 4–4–2** Hannes Þór Halldórsson 6 - Daði Guðmundsson 6, Kristján Hauksson 6, Auðun Helgason 5, Samuel Tillen 6 (74. Joseph Tillen -) - Heiðar Geir Júlíusson 6, Jón Guðni Fjóluson 6, Halldór Hermann Jónsson 6, Paul McShane 7 - Hjálmar Þórarinsson 6(74. Guðmundur Magnússon -), Almarr Ormarsson 6 (74. Björn Orri Hermannsson -).

### GRINDAVÍK 1-1 FJÖLNIR

*0-1 Jónas Grani Garðarsson (4.)*
*1-1 Óli Baldur Bjarnason (34.)*

Grindavíkurvöllur, áhorf.:652
Örvar Sær Gíslason (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–12 (7–5) |
| Varin skot | Óskar 4 – Hrafn 6 |
| Horn | 6–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–16 |
| Rangstöður | 1–3 |

**Grindavík 4–5–1** Óskar Pétursson 7 -Ray Anthony Jónsson 5, Zoran Stamenic 6, Óli Stefán Flóventsson 6, Bogi Rafn Einarsson 5 - Orri Freyr Hjaltalín 6, Eysteinn Húni Hauksson 5, (79. Jóhann Helgason -) Sylvian Soumare 6, (65. Páll Guðmundsson -), Óli Baldur Bjarnason 6, ***Jósef Kristinn Jósefsson 7** - Sveinbjörn Jónasson 6 (65. Þórarinn Brynjar Kristjánsson 5)

**Fjölnir 3–5–2** Hrafn Davíðsson 7 - Marinko Skaricic 5, Ólafur Páll Johnson 6, Gunnar Valur Gunnarsson - Illugi Þór Gunnarsson 6 (69. Vigfús Arnar Jósepsson 5), Gunnar Már Guðmundsson 6, Tómas Leifsson 6, Andri Steinn Birgisson 5, Magnús Ingi Einarsson 5 - Andri Valdur Ívarsson 6, Jónas Grani Garðarsson 5 (83. Ágúst Þór Ágústsson -).

### PEPSIDEILD KARLA

Þróttur-KR 1-5
0-1 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (11.), 1-1 Samuel Malsom (19.), 1-2 Björgólfur Takefusa, víti (35.), 1-3 Gunnar Örn Jónsson (41.), 1-4 Atli Jóhannsson (79.), 1-5 Baldur Sigurðsson (82.)

Valur-Keflavík 2-2
1-0 Pétur Georg Markan (3.), 1-1 Haukur Ingi Guðnason (5.), 2-1 Helgi Sigurðsson (13.), 2-2 Jóhann Birnir Guðmundsson (72.)

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **14** | **12** | **1** | **1** | **39-11** | **37** |
| KR | 14 | 8 | 3 | 3 | 30-18 | 27 |
| **Fylkir** | **14** | **8** | **2** | **4** | **24-15** | **26** |
| Keflavík | 14 | 6 | 6 | 2 | 25-21 | 24 |
| **Stjarnan** | **14** | **7** | **2** | **5** | **33-21** | **23** |
| Valur | 14 | 6 | 2 | 6 | 17-24 | 20 |
| **Fram** | **13** | **4** | **3** | **6** | **16-17** | **15** |
| Breiðablik | 14 | 4 | 3 | 7 | 20-27 | 15 |
| **ÍBV** | **14** | **4** | **2** | **8** | **15-25** | **14** |
| Fjölnir | 14 | 3 | 3 | 8 | 17-26 | 12 |
| **Grindavík** | **13** | **3** | **3** | **7** | **16-27** | **12** |
| Þróttur | 14 | 2 | 2 | 10 | 16-36 | 8 |



**EM-DRAUMURINN AÐ ENGU** Harpa Þorsteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Breyting á EM-hópnum: Harpa fótbrotin

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, varð að gera breytingu á undirbúningshópi sínum fyrir úrslitakeppni EM í Finnlandi eftir að Blikinn Harpa Þorsteinsdóttir fótbrotnaði í undanúrslitaleik bikarsins á móti Fylki.

Soffía A. Gunnarsdóttir úr Stjörnunni kemur í hennar stað en þá er óvíst um framhaldið hjá Valsaranum Hallberu Gísladóttur sem úlnliðsbrotnaði í hinum undanúrslitaleiknum. **- óój**




Ólafur Björn Loftsson
Nesklúbbnum

Íslandsmeistari í golfi 2009.

Innilegar hamingjuóskir

ecco®

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D
T.V. KVIKMYNDIR.IS
„Dazzlingly well made...“ Variety - 90/100
„Hún var FRÁBÆR!“ New York Magazine - 90/100
STÆRSTA BÍÓOPNUN ÁRSINS, YFIR 32.000 GESTIR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!
MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF! brüno
CHANNING TATUM TERRENCE HOWARD FIGHTING
ROGER EBERT BOSTON GLOBE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10:10 - 11:10D | 10 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 örfá sæti laus | VIP |
| BRUNO | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10:10 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3D - 5D - 8D - 10D - 11:10D | 10 |
| FIGHTING | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| BRUNO | kl. 6D - 8:15D | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 3:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 7 - 10 | 7 |
| BRUNO | kl. 8 - 10 | 14 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!
Heimir og Gulli Bítið á Bylgjunni. Ó.H.T., Rás 2 S.V. MBL
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
KARLAR SEM HATA KONUR
500 kr. 16 LÚXUS
-V.J.V., FBL -Þ.Þ., DV -T.V., kvikmyndir.is -D.Ó.J., kvikmyndir.com
500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar
Gildir ekki í lúxussal, Borgarbíó né á 3D myndir
500 kr. my sister's keeper 12
ÍSÖLD 3 500 kr. L
BALLS OUT 12 500 kr.
B13 ULTIMATUM 500 kr. 14
THE HURT LOCKER 500 kr. 16
500 kr. LÚXUS

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D (850 kr.) | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 10.10 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
POWERSÝNING KL. 10.00
- T.V. - Kvikmyndir.is
STÆRSTA KVIKMYNDASERÍA ALLRA TÍMA ER KOMIN Í BÍÓ!
„Í Fighting er alvöru harka og frábærir leikarar.“ - Boston globe
FIGHTING
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER - POWER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER´S KEEPER | kl. 4, 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |


# Ofurhetjur og dulir njósnarar

„Þetta eru svona gagnvirkir spunaleikir þar sem leikararnir taka að sér hlutverk og áhorfandinn líka. Það er hlutverk leikaranna að leiða áhorfendur í gegnum þennan leik,“ segir Kári Viðarsson um spunaleiki The Fiasco Division á opnunarhátíð artFart í ár, 1. ágúst. Þátttaka er ókeypis.

„Þetta er svolítið eins og „role play“, eins og maður sá í Astrópíu, en samt ekki.“ Annar leikurinn er ofurhetjuleikur þar sem áhorfendur, hetjurnar, fara á átta mismunandi staði niðri í bæ og bjarga manneskjum úr „lífshættulegum“ aðstæðum. Sá sem bjargar flestum vinnur.

„Svo eru ósýnileikirnir. Þar gerast áhorfendur keppendur í ósýnilegum leikjum sem við erum búin að vinna í. Hver einasti keppandi fær einn njósnara sem njósnar um þá á meðan þeir spila og gefur þeim stig. Annars get ég ekki gefið meira upp um hvernig leikirnir eru, það eyðileggur eiginlega ósýnileikann í ósýnileikjunum,“ segir Kári.

The Fiasco Divison samanstendur af fimm bekkjarfélögum sem eru nýútskrifaðir úr Rose Bruford College. Hópurinn sýnir einnig We are the Sleepyheads og Morbid í Hafnarfjarðarleikhúsinu, 5.-7. ágúst. We are the Sleepyheads gerist í hliðstæðum heimi, á mörkum draums og veruleika, og var tilnefnt úr hópi sextíu sýninga til að fara á hátíð útskriftarnema í BAC-leikhúsinu í London. Í Morbid er fylgst með persónunni Mary sem uppgötvar að lífið eftir dauðann er ekki alveg eins og hún gerði sér í hugarlund. Báðar sýningar eru á ensku. Miðapantanir sendist á tfd@hotmail.co.uk.

- kbs



**Á MÖRKUM DRAUMS OG VERULEIKA** We are the Sleepyheads, þar sem allt getur gerst. MYND/FIASCO DIVISION



**HEITAR HETJUR** Ofurhetjuleikur Fiasco Division í fyrra þótti kynda undir fólki.

# Heilluð af heimi kynlífsins

**Sigríður Dögg Arnardóttir stundar meistaranám í kynfræði við Curtin-háskólann í Perth. Samhliða náminu heldur hún úti bloggsíðu um námsefnið og starfar í verslun sem selur hjálpartæki ástarlífsins.**

„Ég sótti fyrirlestur hjá Jónu Ingibjörgu um kynlíf og þar með var áhugi minn vakinn. Eftir fyrirlesturinn fór ég og spurði hana hvar ég gæti lært kynfræði, mig langaði í nám á stað sem ég hafði ekki búið á né heimsótt áður og Jóna Ingibjörg benti mér á kynfræðing sem hafði lært í Ástralíu, Áslaugu Kristjánsdóttur. Ég hitti hana á kaffihúsi og áður en ég vissi af var ég farin að fylla út pappíra fyrir skólavist,“ segir Sigríður Dögg, sem býr í Ástralíu ásamt unnusta sínum. Hún segir margt koma sér spánskt fyrir sjónir í Ástralíu en ber heimamönnum vel söguna og segir þá einstaklega rólega og afslappaða.

Sigríður Dögg lærði áður sálfræði og segist almennt hafa mikinn áhuga á fólki og atferli þess. „Það sem mér finnst merkilegast við kynfræðina er að það sem einum aðila finnst „eðlilegt“ kynlíf finnst öðrum afbrigðilegt. Mér finnst einnig athyglisvert hvernig tveir einstaklingar í sambandi þurfa að finna ákveðinn milliveg og semja um hvað sé „eðlilegt“ í þeirra sambandi.“

Samhliða náminu vinnur Sigríður Dögg í kynlífstækjaverslun en einnig heldur hún úti bloggsíðu þar sem hún fjallar um námsefnið á hispurslausan hátt. „Ég var alltaf að læra eitthvað nýtt og sniðugt í skólanum svo ég ákvað að byrja að skrifa um mitt álit á hinum og þessum málum tengdum kynlífi. Þessi kyn-heimur er svo ofsalega stór og af svo miklu að taka að mér fannst um að gera að hafa síðu með réttum upplýsingum sem lesandinn getur treyst á að séu áreiðanlegar og byggðar á rannsóknum,“ segir hún. Að námi loknu segist Sigríður Dögg ætla að koma heim og taka kennsluréttindi frá Háskóla Íslands. „Mig langar að vera með kynfræðslu í skólum eða bjóða upp á kynlífsráðgjöf fyrir einstaklinga og pör þar sem námið sem ég er í leggur mikla áherslu á ráðgjöf. Annars er aldrei að vita hvað maður tekur sér fyrir hendur í framtíðinni,“ segir Sigríður Dögg að lokum.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér kynfræði nánar er bent á bloggsíðu Sigríðar Daggar á slóðinni www.siggadogg.is.

sara@frettabladid.is



**ÁHUGAVERT NÁM** Sigríður Dögg segir nám í kynfræði vera mjög áhugavert og skemmtilegt. Hún bloggar um heim kynlífsins á siggadogg.is. MYND/HERMANN

# Sýndarkennari kennir lestur

„Ég held að þetta sé framtíðin í námi að stóru leyti,“ segir Gunnar Steinn Valgarðsson um notkun forrita í kennslu. Hann vinnur nú að því að koma á laggirnar sjálfvirkum lestrar- og sýndarkennara, forriti sem kennir krökkum að lesa. „Það verður sem sagt svona fígúra sem á að geta leitt krakka í gegnum það að lesa setningar.“ Hugbúnaðurinn getur greint með gervigreind hvenær börnin lesa vitlaust og leiðrétt þau.

Hann er bjartsýnn á að verkefnið heppnist vel. „Ég held að þetta hafi mikla möguleika.“ Verkefnið er unnið í samstarfi við Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík og er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sjálfur er Gunnar í tölvunarfræði í HR en hefur áður unnið að The English Game, gagnvirku forriti fyrir Háskóla Íslands, með góðum árangri.

„Það hefur ekki verið gert mikið af því að nota gervigreind við kennslu hingað til á Íslandi. Það væri náttúrulega mjög gaman ef það væri hægt að dreifa þessu til dæmis á Netinu og hver sem er gæti notað þetta.“ Hugbúnaðurinn er í þróun eins og er.

En hvað verður þá um kennara? „Það mun alltaf þurfa kennara. Þetta er frekar hugsað sem stuðningur fyrir þá sem þurfa.“ Gervigreindin er komin til að vera.

- kbs



**SÝNDARKENNARI** Gunnar Steinn gerir forrit sem kennir lestur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gay-lífið heldur áfram



EINU SINNI VAR Óli Hjörtur fyrir framan Q bar 2007. Nú er öldin önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Q Bar hætti um helgina og stendur til að opna danska krá á sama stað. Þá er bara einn „gay“ staður eftir í Reykjavík. Hvert fara hommarnir, ekki eru þeir að fara á þennan danska bar? „Af hverju ekki? Ég myndi alveg segja það. Það er líka annar mjög virkur gay-staður á höfuðborgarsvæðinu sem heitir Barbara. Hann er búinn að stimpla sig vel inn og er vinsæll. Hann er allavega mjög sterkur kandídat,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson sem rak Q bar.

„Svo eru alltaf einhver böll og eitthvað á vegum Samtakanna, þannig að gay-lífið heldur alveg ótrautt áfram.“ Þannig að hommarnir eru ekki heimilislausir? „Nei engan veginn, langt frá því.“

Hann er kominn með aðra vinnu til áramóta. „Ég er kominn yfir á Jacobsen og er almannatengill fyrir þann stað.“ Hann segist ekki munu hafa nein gay-áhrif á stefnu Jacobsen, en góðar líkur séu á því að Q bar opni aftur á nýjum stað á næstu árum.

„Það er voðalega leiðinlegt að missa annan af tveimur stöðum bæjarins. Sem betur fer höfum við enn það aðstöðu hjá Barböru,“ segir Sesselja María Mortensen, formaður Félags hinsegin stúdenta. „Þetta voru mjög ólíkir staðir og mjög mismunandi stemning á þeim, en kannski er ekki næg eftirspurn fyrir tvo staði.“ Hún segir Barböru hugsanlega höfða meira til hinsegin samfélagsins, „eða kannski þurfti bara einhverja tilbreytingu“.

Hún segist þó vona að Q bar opni aftur á næstu árum. „Það yrði náttúrulega frábært ef það gengi upp. Er það ekki bara þannig í dag að margir eru að ströggla með svona rekstur? Það er þá kannski ekkert skrítið að eitthvað verði undan að láta.“ - kbs

# Öll fósturheimili full

**Öll fósturheimili Dýrahjálpar eru nú full. Sjötíu heimilislausir kettir bíða ættleiðingar.**



FÓSTURFORELDRI Alexandra Guðný hefur veitt nokkrum köttum í neyð húsaskjól þar til þeir finna nýtt heimili. Hún segist sakna þeirra mikið þegar þeir fara. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Dýrahjálp eru samtök sem stofnuð voru fyrir rúmu ári og hafa það markmið að veita dýrum nýtt heimili. Samtökin eru rekin af sjálfboðaliðum og reiða sig á frjáls framlög til að standa undir matar- og lækniskostnaði. „Við aðstoðum fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki haft dýrið sitt hjá sér lengur, við að finna fyrir það nýtt heimili þannig að ekki þurfi að lóga því. Sumir geta ekki verið með dýrið hjá sér þar til nýtt heimili finnst og þá höfum við útvegað því dýri fósturheimili, en nú er staðan orðin sú að öll fósturheimilin eru orðin full,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir hjá Dýrahjálp. Hún segir að erfiðlega gangi að útvega fullorðnum köttum heimili þar sem flestir kjósa heldur að taka að sér kettling. „Dýrin okkar eru flest orðin stálpuð og við erum að reyna að fá fólk til að sjá kostina við það að fá eldra dýr inn á heimilið sem búið er að ala upp,“ segir Ásbjörg.

Dýrahjálp hefur staðið fyrir sérstakri ættleiðingarhelgi þar sem fólk gat skoðað þau dýr sem voru í leit að heimili. Hinn 15. ágúst verður staðið fyrir ættleiðingardegi í Garðheimum þar sem fólki gefst kostur á að koma og skoða alla þá ketti sem eru í heimilisleit. „Við erum með um tuttugu fósturheimili fyrir ketti en heimilislausir kettir eru nú um sjötíu talsins. Við erum að vonast til þess að fólk kíki á ættleiðingardaginn og verði ástfangið af ketti og taki hann með sér heim,“ segir Ásbjörg.

Alexandra Guðný Guðnadóttir er meðal fósturforeldranna sem eru á vegum Dýrahjálpar og hjá henni dvelja nú þrír kettir. „Ein er nýbúin að eignast kettlinga og fyrir á ég einn högna sem er húsbóndinn á heimilinu og mjög gestrisinn, þannig að ég er með fullt hús af köttum,“ segir Alexandra. Hún hefur nú þegar fóstrað fjóra ketti sem allir eru komnir inn á góð heimili og segir að oft sé sárt að sjá á eftir köttunum sem hún hefur fóstrað. „Ef ég gæti myndi ég taka þá alla að mér, en þá væri þröng á þingi,“ segir Alexandra að lokum.

Dýravinum er bent á heimasíðu samtakanna, www.dyrahjalp.is, en þar er hægt að skoða þau dýr sem bíða eftir nýju heimili.

sara@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 28. júlí 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.30** **Grímur Helgason** klarinettuleikari og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari flytja verk eftir C. Debussy, A. Bax, Þorkel Sigurbjörnsson og F. Poulenc á tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70.

**21.00** Mysterious Marta og Ivar túra á vegum **Alþjólega trúbadorasamsærisins**. Spila í kvöld á Kjöt og kúnst, Hveragerði ásamt Sunday Parlours.

### ➜ Sýningar

Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Hjörtur Marteinsson hafa opnað sýninguna **„Þegar allt flýtur í bláu loftinu“** á netkaffihúsinu Simbahöllin, við Fjarðargötu 4a á Þingeyri. Opið þri.-sun. kl. 12-18.

Í Norræna húsinu við Sturlugötu hefur verið opnuð sýningin „Við hafið“ þar sem sýnd eru verk eftir norska ljósmyndarann **Bjarne Riesto**, danska ljósmyndarann Helgu C. Theilgaard og norska myndlistarmanninn Kaare Espolin Johnson. Opið þri.-sun. kl. 12-17.

### ➜ Síðustu forvöð

Kristín Rúnarsdóttir og Jón Árnason sýna verk í gallerí Crymogæa að **Laugavegi 41a**. Síðasti sýningardagur er á miðvikudaginn. Opin kl. 11-18.

### ➜ Leikrit



**18.00** Leikhópurinn Kraðak sýnir verkið „Let's talk local - Reykjavík“ á Restaurant Reykjavík við Vesturgötu 2. Þar er rakin **saga Reykjavíkur frá landnámi** til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og verður sýnd alla daga kl. 18

**20.30** Ferðaleikhúsið / Light Nights sýnir verkið „Visions from the Past“ eftir Kristínu G. Magnús í **Iðnó** við Vonarstræti. Flutningur fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á www. lightnights.com.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




## > James Belushi

„Konur segja að þær vilji að karlmenn séu ljúfir, blíðir, samúðarfullir, kurteisir, tillitssamir og umhyggjusamir en þannig eru karlmenn ekki. Þannig eru konur.“

***Belushi leikur fjölskylduföðurinn Jim í gamanþættinum According to Jim sem Skjár einn sýnir kl. 20.00.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR SKILUR EKKI NEITT Í NEINU

## *Útúrspíttuð litabomba fyrir krakkana*

Sjónvarpsefni fyrir börn er stórmerkilegur kimi menningarinnar. Allt frá því að Teletubbies sýndu fram á að apaköttur á sýru með stífkrampa getur búið til þátt sem nær meira áhorfi en hvaða minningarathöfn stórstjörnu sem er, hefur barnaefni verið mér framandi. Allir þessir litir og öll þessi hljóð og einhverra hluta vegna sé ég enga sögu út úr neinu. Ég klóra mér í hausnum yfir nær öllu því sem ég slysast til að sjá á Cartoon Network og sjónvarpsefnið á RÚV er ekkert mikið skiljanlegra. Er ég svona gömul eða er þetta rugl?




Einu sinni var allavega metnaður í því hvernig teiknað efni var framsett. He-Man voru vel teiknaðir þættir og Dick Tracy var flottur. Bestur var að sjálfsögðu Bleiki pardusinn, enda bleikur. Í dag er einhver rosaleg krúttstefna í gangi þar sem allar persónurnar líta út eins og börn hafi teiknað þær. Skilaboðin eru ágæt, það sem þú ert að gera í leikskólanum er líka list. En er ekki ágætt að sýna líka smá metnað? Naívismi á sér takmörk.

Nú er ég enginn sérfræðingur á þessu sviði og segi ekki að ég hafi lagst í mikla rannsóknarvinnu fyrir þennan pistil, en allt sem ég hef séð að undanförnu er skrítið. Að sjálfsögðu breytist sjónvarpsefni í takt við tímann, það á að gera það. En hvaða tímar eru þá núna? Undrar einhvern í alvöru að fleiri greinist í dag með athyglisbrest og ofvirkni? Ég greinist með athyglisbrest og ofvirkni nær samstundis yfir Cartoon Network og ég er almennt mjög róleg (kannski einmitt fyrir tilstilli Bleika og félaga).

Ég veit að það er erfitt að halda athygli barna, en bíómyndir líkt og Bílar, Wall-E, Kung Fu Panda, Toy Story, Leitin að Nemo og fleiri tekst það alveg ágætlega. Þurfa næstu kynslóðir í alvörunni á útspíttuðu sýruflippi sem teiknað er af smábörnum og skrifað af kóbrífuglum að halda? Hefur barnaefni alltaf verið svona aggressívt eða er ég bara að verða svona gamaldags?

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.35** Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Ruffian STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** Style Her Famous SKJÁREINN



▶ **21.40** The Loop STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.10** My Name Is Earl STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (54:65)

**17.52 Herramenn** (4:13)

**18.02 Hrúturinn Hreinn** (38:40)

**18.10 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu umferð Íslandsmótsins í fótbolta. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Skólaklíkur** (Greek) (11:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla. Aðalhlutverk: Jacob Zachar, Spencer Grammer, Scott M. Foster, Jake McDorman, Clark Duke og Amber Stevens.

**20.20 Óvænt heimsókn** (Uventet besøg: Vanúatú í Kyrrahafi) (6:7) Dönsk þáttaröð þar sem sjónvarpskonan og blaðamaðurinn Camilla Ottesen heimsækir samlanda sína sem búsettir eru erlendis.

**20.55 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi. (e)

**21.30 Trúður** (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Illt blóð í Ameríku** (Wire in the Blood: Prayer to the Bone) Sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál. Aðalhlutverk: Robson Green.

**23.55 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Waitress**

**10.00 Shrek**

**12.00 Ruffian**

**14.00 Ask the Dust**

**16.00 Waitress**

**18.00 Shrek**

▶**20.00 Ruffian** Áhugaverð og vönduð mynd sem fjallar um Ruffian, einn frægasta keppnishest Bandaríkjanna og sigurgöngu hans í byrjun áttunda áratugarins. Aðalhlutverk: Sam Shepard.

**22.00 Shadow of Fear**

**00.00 Interview with the Assassin**

**02.00 Happy Endings**

**04.10 Shadow of Fear**

**06.00 Annie**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Krakkarnir í næsta húsi og Tommi og Jenni.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (19:26)

**09.55 Doctors** (20:26)

**10.30 In Treatment** (4:43)

**11.05 Cold Case** (21:23)

**11.50 Gossip Girl** (14:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (242:260)

**13.25 Jack and Sarah**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10 og Go Diego Go!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (9:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons**

**19.45 Two and a Half Men** (15:19)

**20.10 Notes From the Underbelly** (8:10) Gamanþáttur þar sem dregnar eru upp allar fyndnustu hliðar á barneignum og barnauppeldi.

**20.30 ´Til Death** (9:15) Gamanþáttaröð um hjónin Eddie og Joy og samskipti þeirra við ungt og nýgift par sem býr í næsta húsi við þau.

**20.55 Bones** (21:26)

**21.40 Little Britain** (6:6) Stöð 2 rifjar upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams.

▶**22.10 My Name Is Earl** (18:22) Jason Lee snýr aftur í hlutverkið Earls sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með misjöfnum árangri.

**22.35 The Sopranos** (26:26)

**23.35 The Closer** (13:15)

**00.20 Rent**

**02.30 Jack and Sarah**

**04.15 ´Til Death** (9:15)

**04.40 Little Britain** (6:6)

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Fylkir - Fram** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**17.45 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Qualcomm Stadium í San Diego.

**18.40 Fylkir - Fram** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**20.30 Sterkasti maður í heimi 1985** Þáttur um keppnina Sterkasti maður heims árið 1985. Jón Páll Sigmarsson tók í fyrsta sinn þátt í keppninni árið 1983 og er þegar þarna er komið við sögu orðin stórstjarna í aflraunum eftir að hafa sigrað í þessari keppni árið 1984.

**21.30 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvellir skoðaðir.

**22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**22.55 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.55 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**19.40 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**20.10 Chelsea - Club America** Útsending frá leik í World Football Challenge-mótinu.

**21.50 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar. Leikur Blackburn og Leicester frá árinu 1998 var stórkostleg skemmtun þar sem boðið var upp á markaveislu.

**22.20 Goals of the Season 2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.20 AC Milan - Inter Milan** Útsending frá leik í World Football Challenge-mótinu.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (5:48) (e)

**19.10 Family Guy** (8:18) (e) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**19.35 Everybody Hates Chris** (9:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)

**20.00 According to Jim** (2:18) Gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.

▶**20.30 Style Her Famous** (13:20) Að þessu sinni hjálpar Jay Manuel konu að líta út eins og leikkonan Gwyneth Paltrow.

**21.00 Design Star** (1:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína.

**21.50 The Dead Zone** (7:13) Johnny fellur aftur í dauðadá og Sarah þarf að taka stórar ákvarðanir til að bjarga honum.

**22.40 Penn & Teller. Bullshit** (30:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 How to Look Good Naked** (e)

**00.00 CSI. Miami** (12:21) (e)

**00.40 Home James** (4:10) (e)

**01.10 Dr. Steve-O** (3:7) (e)

**01.40 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.

**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings. Endurtekinn þáttur frá 14.07.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Bones



Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Sem fyrr fylgjust við með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin verið sú hvort þau endi sem par. Það sem færri vita er að Brennan er byggð á sannri persónu, einum virtasta réttarmeinafræðingi Bandaríkjanna, Kathy Reichr, og hefur allt frá upphafi átt þátt í að skrifa þættina og leggja til sönn sakamál sem hún sjálf hefur leyst á ferli sínum.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Design Star – NÝTT
### Skjáreinn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Í hverri viku þurfa keppendur að leysa erfið verkefni sem reyna á hæfileika þeirra á öllum sviðum hönnunar. Þetta er þriðja þáttaröðin sem Skjáreinn sýnir og kynnir þáttanna er sem fyrr Clive Pearse.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Drottning hundadaganna
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Djassveisla í 20 ár
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (241:260)
**17.15 Hollyoaks** (242:260)
**17.40 The O.C. 2** (5:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.25 Seinfeld** (11:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**18.45 Hollyoaks** (241:260)
**19.15 Hollyoaks** (242:260)
**19.40 The O.C. 2** (5:24)
**20.25 Seinfeld** (11:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 The Loop** (9:10) Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi og þarf að glíma við yfirmann sem gerir óeðlilegar kröfur til hans. Heimilisaðstæðurnar eru einnig nokkuð skrautlegar þar sem hann býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra sem vilja stunda samkvæmislífið af fullum krafti.
**22.05 So You Think You Can Dance** (12:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Eftir niðurskurðinn í Las Vegas stóðu eftir tíu stelpur og tíu strákar sem komust í sjálfa úrslitakeppnina.
**23.30 So You Think You Can Dance** (13:23)
**00.15 Entourage** (11:12)
**00.45 Sjáðu**
**01.15 The Loop** (9:10)
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Absolutely Fabulous **11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Waking the Dead **20.50** Coupling **21.15** Little Britain **21.45** EastEnders **22.15** The Weakest Link **23.00** Waking the Dead **23.50** Coupling

## DR 1

**11.00** Vejrprofeten **11.30** Forandring på vej **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Elmer Fjot siger op **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Lille Nord **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SommerVejret **17.00** Karen Blixen - En fantastisk skæbne **18.00** Så for sommer **18.30** Onskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** SommerVejret **19.40** Killer Net **21.20** Kodenavn Hunter **22.20** Dodens detektiver **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.50** Ein herleg april **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Gronn glede **17.55** Smaken av Danmark **18.25** Kjære dagbok 1986 **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Extratrekning **20.30** Skilt! **21.00** Kveldsnytt **21.15** Varulv **23.20** Uventet besok **23.50** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Geocentrum **10.35** Myskoxön **11.35** Flickan och djävulen **13.05** Johnny Shakespeare **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Simning **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Friidrott **20.45** Norsk attraktion **21.15** Upp till kamp **22.45** 1800-talet ut-och-in **23.25** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef engar græjur eða iPod í vinnunni, bara útvarp. Ef það er kveikt á því er það alltaf stillt á Rás 1 eða Rás 2, oftast 2. Það eru einfaldlega einu útvarpsstöðvarnar sem vit er í.“*

Ástbjörg Rut Jónsdóttir, sviðslistakona og táknmálstúlkur, vinnur í sumarstarfi hjá ÍTR.

# Rhys Ifans elskar Stebba sinn Jóns heitt

„Myndin er tilbúin og við vorum með forsýningu í London. Prufusýning fyrir útlendinga. Þar var meðal annarra Rhys Ifans sem lék í Notting Hill og fleiri myndum. Hann hélt ekki vatni yfir frammistöðu vinar síns, Stefáns Jónssonar leikara,“ segir Ingvar Þórðarson kvikmyndaframleiðandi.

Að sögn Ingvars tókst prufusýning kvikmyndarinnar Reykjavik Whale Watching Massacre vel og leggst vel í útlendingana. En einkum voru Ingvari minnisstæð viðbrögð leikarans Rhys Ifans sem átti óvænt leið hjá kvikmyndasalnum og var umfsvifalaust „shanghæjaður“ í salinn. Ifans var samskóla Stefáni Jónssyni leikara í London og tókst með þeim ágætur vinskapur og munu þeir hafa leigt saman á tímabili. „Hann bað fyrir kæra kveðju til Stebba. Á íslensku án hreims svohljóðandi: „Farðu í rassgat!“ Og svo skellihló hann – elskar greinilega Stefán, sinn gamla skólabróður, heitt,“ segir Ingvar.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að nokkur fjöldi íslenskra kvikmynda er á leið á hvíta tjaldið. Ingvar segir ljóst að RWWM verði fyrst þeirra en frumsýning er áætluð 4. september. „Myndin kostaði 250 milljónir. Við náðum því þótt gengið væri okkur óhagstætt.“ Íslenskar myndir njóta yfirleitt þess að bíógestir eru forvitnir að sjá hvað landar þeirra hafa upp á að bjóða. Ingvar segist engar áhyggjur hafa af hugsanlegu offramboði. „Ekki endilega. Þetta eru gerólíkar myndir sem eru væntanlegar. Og svo er það þetta gamla sagan um að góð mynd hjálpar en slæm slær á áhugann. Þegar Björk sló í gegn jók það áhugann á íslenskri tónlist. Þetta er bara spurning um gæðin. Okkar mynd er sú fyrsta sinnar tegundar. Spennumynd með hrollvekjuívafi. Túristar fara í hvalaskoðun sem fer ekki vel.“ **- jbg**



**INGVAR OG IFANS** Leikarinn Rhys Ifans var viðstaddur prufusýningu RWWM úti í London og var ánægður, sérstaklega með frammistöðu síns gamla skólabróður og vinar, Stefáns Jónssonar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** vanþóknun, **6.** pot, **8.** sauðagarnir, **9.** fálm, **11.** 2000, **12.** rými, **14.** flækja, **16.** halló, **17.** hópur, **18.** máleining, **20.** fyrir hönd, **21.** titra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dægurlagatónlist, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** angan, **7.** raddfæri, **10.** blekking, **13.** sunna, **15.** sjá eftir, **16.** hungurvesöld, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** svei, **6.** ot, **8.** vil, **9.** pat, **11.** mm, **12.** pláss, **14.** flóki, **16.** hæ, **17.** lið, **18.** orð, **20.** pr, **21.** riða.
**LÓÐRÉTT: 1.** popp, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** ilm, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sól, **15.** iðra, **16.** hor, **19.** öð.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## SIGURJÓN KJARTANSSON: EINAR BYRJAR Á STÓRU NÖFNUNUM

# Tvíhöfði ræður sig á Kanann

„Tvíhöfði samdi við mig á föstudag og verður á Kananum í allan vetur. Um leið sömdum við um að Tvíhöfði lýsi HM 2010 í fótbolta – þannig að á ákveðinn hátt eru þeir þeir fyrstu sem eru ráðnir á íþróttadeild Kanans,“ segir Einar Bárðarson athafnamaður og skríkir – hlær sínum einkennandi hlátri.

Fréttablaðið greindi frá því að Kaninn, útvarpsstöð sem Einar er að koma á fót, muni hefja útsendingar í september. Einar er að teikna upp dagskrá og fyrstu mennirnir sem hann mynstraði á Kanann sinn eru þeir Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr – tvíeykið sem myndar Tvíhöfða. Í nýjasta tölublaði Séð og heyrt eru getgátur um hvaða útvarpsmenn munu koma að málum og nöfn á borð við Gulla Helga og Axel Axelsson voru nefnd en Einar segir: „Ekkert af þessum nöfnum er ON.“

Sigurjón útskýrir að þáttur Tvíhöfða á Kananum verði vikulega og á laugardögum. „Einar byrjar á stóru nöfnunum,“ segir Sigurjón en harðneitar að tjá sig um hversu mikið þessi stóru nöfn kosta Einar. Nýverið sendi Tvíhöfði frá sér diskinn „Gubbað af gleði“ og í viðtölum af því tilefni kom fram í máli þeirra megn óánægja með stöðuna í útvarpsmálum. Sigurjón sagði að Ísland væri þannig að þar kæmi ekki maður í manns stað og einkum virtist Jóni áfram um að ráða bragarbót á því með því að sigla aftur á öldur ljósvakans – meðan Sigurjón virtist tregari í taumi. „Já, að vera daglega í útvarpinu… Ég er ekki maður í það. En sem betur fer hefur ekkert slíkt komið upp í þessum vangaveltum. Skemmtilegra er að vera vikulega. Maður hefur þá tíma til að sinna öðrum hugðarefnum.“ Að sögn Sigurjóns verður þráðurinn tekinn upp þar sem frá var horfið. „Við höfum átt svo mörg „kombökk“ en það er þá alltaf eins og við höfum hvergi farið.“

**jakob@frettabladid.is**



**AFTUR Á ÖLDUR LJÓSVAKANS** Hlustendur mega búast við svipuðum efnistökum og þeir þekkja af hálfu Tvíhöfða þegar hann fer í loftið í september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Héraðsdómur sýknaði á dögunum íslenska ríkið af kröfu **Hrafns Gunnlaugssonar** um skaðabætur vegna meiðsla sem hann hlaut í árás sem hann mátti sæta fyrir nokkrum árum á Gíbraltar – en þá réðst á hann gengi mótorhjólamanna þannig að Hrafn stórslasaðist. „Svokallaðir pönks,“ sagði Hrafn á sínum tíma í samtali við blaðið. Málið þykir snúið, varðar milliríkjasamninga og svo sérstætt að Hrafn hlaut gjafsókn í því. Þrátt fyrir dóminn eru Hrafn og lögmaður hans, Óðinn Elíasson, hvergi nærri af baki dottnir og hafa tekið um það ákvörðun að áfrýja málinu til Hæstaréttar.



Á laugardag var sagt frá því hér í blaðinu að Norðmenn bókstaflega flykkjast til **Jónínu Ben** í detox-meðferð. Þeirra á meðal Aste Hunnes Sem, Idol-stjarna í Noregi, sem lofar og prísar meðferðina í hástert. Hins vegar var missagt að Ásta hefði sigrað Idolið í Noregi árið 2007, svo var ekki þótt vissulega hafi hún verið meðal keppenda.



**Daníel Ágúst Haraldsson** hefur jafnan mörg járn í eldinum í tónlistarsköpun sinni. Auk þess að spila með Ný dönskum og Esju er hann ekki hættur að gera tónlist í eigin nafni. Eins og flestir muna gaf Daníel út fyrstu sólóplötu sína árið 2005, Swallowed a Star, og nú virðist ætla að verða framhald þar á. Að minnsta kosti fréttist af söngvaranum með Bjarna úr Mínus við upptökur í Vestmannaeyjum um helgina. **- jbg, hdm**



Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
**Er tímareimin komin á tíma?**
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum.
Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

# Skælandi túristar í fuglaskoðun í Flatey

„Já, það getur sannarlega verið erfitt að tilheyra ferðamálageiranum íslenska,“ segir Jónas Freydal Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Goecco Walks ferðaþjónustunnar – sem meðal annars hefur bryddað upp á nýstárlegum og vel heppnuðum draugagöngum um Reykjavík.

Jónas brá sér til hinnar fögru Flateyjar með fjölskyldu sinni á dögunum – til fuglaskoðunar. En fuglaskoðunin tók á sig aðra mynd en Jónas hugði strax við komuna til eyjarinnar. „Þegar við nálguðumst Flatey með ferjunni Baldri, ásamt hópi erlendra túrista, kom smátt og smátt í ljós að það var nokkur atgangur á bryggjunni. Þar voru menn að drepa lunda, gera að honum og hentu hræjunum í höfnina. Þar flaut lundahamur í stórum stíl og svo mikið fékk þetta á ferðamennina að einhverjir þeirra hreinlega brustu í grát. Hvað skal segja annað en að ferðaþjónusta á Íslandi er komin skelfilega skammt á veg,“ segir Jónas – og það tekur á hann að lýsa þessari ömurlegu aðkomu því honum er sannarlega vel við Flatey og þá sem þar búa. Og tekur fram að hann hafi ekkert á móti veiðum svo fremi að þær séu innan skynsamlegra marka.

**- jbg**



**SKÆLANDI TÚRISTI** Svo mikið fengu lundahræin í Flateyjarhöfn á þennan unga ferðalang að hann brast í grát.
MYNDIR/JÓNAS



**LUNDAHAMUR Í HÖFNINNI** Hún var ekki skemmtileg aðkoman en þegar ferðamenn bar að garði voru heimamenn í óðaönn að hamfletta lunda.

# Brúðkaupsgjafir 2009

GEORG JENSEN

epal



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

ÚRVAL AF VEGGKLUKKUM



HEIMA HÚSIÐ

mood heima

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Rey., Sími 568 4242

www.heimahusid.is

## Tilvalin brúðargjöf



© Inter IKEA Systems B.V. 2009

**IKEA 365+ pottasett 9.990,-/7 í setti**
Fyrir allar gerðir af hellum. Inniheldur: Pott m/loki 5L, pott m/loki 3L, skaftpott m/loki 1L og teflonhúðaða steikarpönnu Ø28cm. Ryðfrítt stál

Gjafakort

**Er erfitt að velja gjöf?**
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!

IKEA®

www.IKEA.is

Lif&List SMÁRALIND S: 544-2140



GEORG JENSEN

## Tilvalin brúðargjöf



© Inter IKEA Systems B.V. 2009

**IKEA 365+ IVRIG** glerglös
**Rauðvínsglös 495,-/stk.** 48cl.
**Hvítvínsglös 495,-/stk.** 26cl.

Gjafakort

**Er erfitt að velja gjöf?**
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!

IKEA®

www.IKEA.is

stelton

epal



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

lifum

HÚSGÖGN & GJAFAVARA

**Úrval brúðkaupsgjafa**



OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16

ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

KitchenAid



*Sérstök brúðkaupsgjöf*

*Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum með hverri hrærivél*

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

Saeco



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FALLEGAR KLUKKUR

TIL BRÚÐKAUPSGJAFA FÁST Í MIKLU ÚRVALI Í SALTFÉLAGINU, HALLARMÚLA 4



Nextime Plug inn - svört

Nextime Plug inn - silfruð

Cucù clock – gauksklukka

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Fáðu nánari upplýsingar í S: 540-2030 eða kíktu inn á www.saltfelagid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Úlfljótur og gersemarnar

Eins og flestir foreldrar þá er ég næsta sannfærð um að barnið mitt sé snillingur. Þegar ég horfi á son minn að leik við Þingvallavatn þar sem við fjölskyldan höfum dvalið stóran part úr sumri hugsa ég stolt með mér að þarna sé efni í Jónas Hallgrímsson (vitanlega án drykkjusýki), Matthías Jochumsson, Þorgeir Ljósvetningagoða eða einhvern annan ástmögur þjóðarinnar.

**Á** ferðum okkar hef ég því reynt að uppfræða drenginn um sögu lands og þjóðar á hverjum viðkomustað með hvers konar handbækur að vopni auk viðkomu á söfnum. Í hugum sex ára drengja verður þó oftast eftir allt annar fróðleikur en maður ætlaðist til. Þetta hef ég reyndar lært fyrir þó nokkru og þóttist ég því sniðug þegar ég útbjó fjársjóðsleit við Þingvallavatn sem átti að vera byggð á sögu staðarins. Að endingu skáldaði ég upp sögu um að Úlfljótur sá er Íslendingar sendu til Noregs til að kynna sér lög og venjur sem byggja mætti á í hinu nýja samfélagi hefði ekki bara fært Íslendingum samfélagssáttmála við heimkomu.

**FRÁ** Noregi hefði Úlfljótur nefnilega líka haft með sér fjársjóð sem hann hafði falið við vatnið fagra. (Ji, hvað ég er skemmtileg mamma) hugsaði ég með mér þegar ég faldi fjársjóð uppi á Miðfelli og útbjó skelfing illa ort skeyti með herkjum sem átti einnig að færa honum smá þekkingu á náttúrunni á svæðinu. Já, mér fannst ég hrikalega sniðug og sá jafnvel fyrir mér að með þessu áframhaldi myndi ég fara að baka eins og ég væri djöfulóð og annað sem fyrirmyndarmæður gera.

**LEITIN** var skemmtileg dægrastytting og hafði í för með sér ferðalög um svæðið og fræðslu sem var lymskulega laumað inn í lygar og sögufalsanir. Það kom því virkilega flatt upp á mig þegar ég leiddi soninn upp á Hrafnakletta í Miðfelli þar sem fóstbræðurnir og lögspekingarnir Grímur geitskör og Úlfljótur áttu að hafa falið fjársjóðinn góða. Í ljós kom að einhverjir höfðu orðið á undan okkur.

**FENGURINN** í leðurlíkispyngjunni sem ég hafði ætlað að gleðja son minn með var horfinn. Vitanlega vona ég að önnur börn hafi haft gaman af því að finna gersemarnar og lítið mál er að koma öðrum slíkum fyrir svo sonurinn geti fundið þær í næstu gönguferð. Hins vegar gat ég ekki varist þeim hugsunum að þarna hefði verið á ferð sýlspikaður útrásarvíkingur sem þegar væri búinn að veðsetja skrautsteinana með blekkingum og ólögum. Slíkar sögur fær sonurinn þó ekki að heyra strax.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 28. júlí 2009, 209. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.22 | 13.34 | 22.44 |
| Akureyri | 3.47 | 13.19 | 22.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


